

LÖGMANNABLAÐIÐ

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS 4. TBL. 20. ÁRG. 2014



MÁLKOSTNAÐAR- OG
RÉTTARÁÐSTOÐAR-
TRYGGINGAR



AÐGANGUR SAKBORN-
INGA OG ÁKÆRÐRA AÐ
RANNSÓKNARGÖGNUM



Af vettvangi félagsins

Árni Helgason:

Leiðari 4

Jónas Þór Guðmundsson

Pistill formanns 20

Umfjöllun

Eyrún Ingadóttir:

Ef kemur til ágreinings: Málskostnaðar- og réttaraðstoðartryggingar tryggingafélaga 6

Anna Lilja Hallgrímsdóttir:

Að lögmanni sé heimilt að hafa samband við vitni 10

Árni Helgason:

Af birtingum dóma og stjórnvaldsákvarðana 12

Félag kvenna í lögmennsku 10 ára 16

Anna Lilja Hallgrímsdóttir:

Staða verjenda í sakamálum 22

Aðsent efni

Hörður Felix Harðarson:

Aðgangur sakborninga og ákærðra að rannsóknargögnum 32

Á léttum nótum

Skáld og hæstaréttardómar í jólahádegi 15

Af Merði lögmanni 24

Bjarni G. Björgvinsson:

Meyjarhof og Zorbadans í Aþenu 26

Léttleikandi sambabolti 30

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMADUR:
Árni Helgason hdl.

RITNEFND:

Haukur Örn Birgisson hrl.,
Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl.,
Þyrí Halla Steingrimsdóttir hrl. og
Ingvi Snær Einarsson hdl.

BLAÐAMADUR:

Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:

Jónas Þór Guðmundsson hrl., formaður.
Jóna Björk Helgadóttir hrl., varaformaður.
Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl., ritari.
Óttar Pálsson hrl., gjaldkeri.
Karl Axelsson hrl., meðstjórnandi.

STARFSMENN LMFÍ:

Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.
Anna Lilja Hermannsdóttir lögfræðingur.
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari.
Dóra Berglind Torfadóttir, ritari.

FORSÍÐUMYND:

Þátttakendur námsferðar LMFÍ við
Meyjarhofið á Akropolis í Aþenu.

LJÓSMYNDARI:

Bjarni G. Björgvinsson.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2000,- + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRA:

arni@cato.is

PRENTVINNSLA:

Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:

Öflun ehf.
Sími 533 4440
ISSN 1670-2689



*Ríkulegur staðalbúnaður: 8 gíra sjálfskipting, leðurinnrétting, rafdrifin þægindasæti fyrir bílstjóra og farþega, hiti í framsætum, Bi-Xenon ljós, 18" álfelgur, fullkomið hjómkerfi með 10 hátölurum, tvöföld sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, rafdrifinn afturhleri, skriðstillir, sportleðurstýri með aðgerðahnöppum o.m.fl.

**Við hættum ekki að leika okkur af því við verðum gömul.
Við verðum gömul af því að við hættum að leika okkur.**

Ríkulega búinn og margverðlaunaður.

Porsche Cayenne Diesel.

Verð: 13.950 þús. kr.*

C02: 173 g/km • Tog: 580 Nm
Hröðun: 7,3 sek. 0-100 km/klst
Eyðsla: 6.0 l/100 km í blönduðum akstri



PORSCHE



Möguleikar einstaklinga til að standa í málarekstri

Í ÞESSU TÖLUBLAÐI og því síðasta hefur verið fjallað um möguleika fólks til að fá málskostnað við málarekstur bættan, ýmist í gegnum gjafsókn eða málskostnaðartryggingar tryggingafélaga. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að greitt aðgengi sé að slíkum úrræðum enda er kostnaður við málarekstur orðinn hærri en áður og ekki á vísan að róa að fá hann bættan við málskostnaðarákvörðun dómara.

Lögmenn kannast sjálfsagt margir hverjir við þá sérkennilegu stöðu að veita skjólstæðingum sínum ráðgjöf í þeirri aðstöðu að málið telst sigurstranglegt en endanleg fjárhagsleg útkoma vegferðarinnar mun ráðast af því hversu háan málskostnað skjólstæðingurinn þarf að bera. Hæglega getur komið upp sú aðstaða að málið vinnst að verulegu eða öllu leyti en lögmanskostnaðurinn sé þá orðinn slíkur að fjárhagslega endar málið á núlli eða jafnvel í mínus. Í ofanálag bætist svo að einstaklingar greiða 25,5% virðisaukaskatt af málskostnaði og eiga að jafnaði ekki möguleika á að nýta virðisaukaskattinn sem innskatt, andstætt t.d. fyrirtækjum sem standa í málarekstri.

Einstaklingum bjóðast þó ákveðnir möguleikar til að létta sér róðurinn við málarekstur en þeir eru þó ýmsum takmörkunum háðir.

Gjafsókn er ætluð þeim sem eru það tekjulágir að þeir eiga ekki kost á að reka dómsmál en einnig í þeim tilfellum þegar úrslit málsins kunna að hafa verulega þýðingu, annað hvort almennt eða fyrir stöðu viðkomandi. Almenna tekjuviðmiðið þegar kemur að gjafsókn er hins vegar býsna lágt en miðað er við árstekjur undir kr. 2.000.000,-. Tekjuviðmið reglugerðar um skilyrði gjafsóknar jafnast á við um 167 þúsund krónur í mánaðarlaun en til samanburðar má nefna að lágmarkslaun samkvæmt kjarasamningum VR fyrir þá sem hafa starfað fjóra mánuði eða lengur eru 214 þúsund krónur.

Hinn kosturinn sem stendur til boða eru málskostnaðartryggingar sem tryggingafélögin bjóða upp á. Líkt og fram kemur í umfjöllun í þessu blaði þá hefur ásókn í tryggingarnar aukist töluvert og sömuleiðis útgreiðslur. Að mörgu leyti eru þessar tryggingar mjög jákvætt skref fyrir einstaklinga í þessari stöðu og tryggingin dekkar kostnað við algengustu mál sem einstaklingar þurfa að standa í. Á hinn bóginn hafa tryggingafélögin farið þá leið að undanþiggja ákveðnar tegundir dómsmála frá tryggingum, þótt tryggingin sé kynnt út á við sem málskostnaðartrygging og byggji gjarnan upp þær væntingar hjá þeim sem hana kaupa að hún tryggi hvers konar málarekstur. Afmörkunin á

því hvaða tegundir mála eru undanþegnar er ekki augljós. Sifjamál eru t.d. almennt undanþegin þessum tryggingum og einnig mál sem tengjast sjálfskuldaábyrgðum en t.d. ekki málarekstur vegna gengismála. Staðan hjá þeim sem þurfa að reka mál sem þetta er þó sú sama, á endanum fellur á þá aðila málskostnaður, burtséð frá því hvernig gerðar málið er.

Það væri hægt vandi fyrir tryggingafélögin að koma til móts við tryggingartaka að þessu leyti, t.d. með því að bjóða upp á fleiri en eina tegund trygginga. Þannig gæti ein útgáfan náð til hvers konar málareksturs en önnur undanþegið ákveðna málaflökka. Iðgjaldið hlýtur að ráða för og edlilegt að það taki mið af umfangi tryggingarinnar. Aðalatriðið er að tryggja fólki fullnægjandi aðgengi að dómsmálum og að þeir möguleikar sem standa til boða til að tryggja sig eða sækja aðstoð séu raunhæfir.

Lögmennablaðið þakkar fyrir árið sem er að líða og óskar lesendum sínum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Varðveislu trúnaðarupplýsinga lýkur með eyðingu þeirra



Við vinnum eftir vottuðu gæðakerfi

Bæjarflöt 4
112 Reykjavík

Sími: 568 9095
www.gagnaeyding.is

GAGNAEYÐING

Örugg eyðing gagna í yfir 20 ár



Ef kemur til ágreinings

Málskostnaðar- og réttaraðstoðartryggingar tryggingafélaga

Tryggingafélögin bjóða almenningi upp á málskostnaðar- eða réttaraðstoðartryggingar í fasteignatryggingum annars vegar og í flestum flokkum heimilis- og fjölskylduverndar hins vegar. Málskostnaðartrygging getur breytt miklu fyrir tryggingataka en hún nemur oftast á bilinu 1-2 milljónir og munar um minna þegar bera þarf ágreining undir dómstóla. Lögmannablaðið skoðaði málið.

Gengislánamál mest áberandi

Um síðustu aldamót hófu tryggingafélögin að bjóða upp á málskostnaðar- eða réttaraðstoðartryggingar í fasteign- og heimilistryggingum. Tryggingin er nokkuð víðtæk en innifalið í henni eru bætur vegna ágreinings sem snertir váttrygðan einstakling í einkamálum sem koma til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar og er til lykta leidd með dómi, úrskurði eða dómsátt. Þá er tryggingartaka skylt að leita sér lögmannsaðstoðar og ber lögmanni að tilkynna viðkomandi tryggingafélagi um málið áður en aðhafst er í því.

Að sögn Guðmundar Stefáns Martinssonar ráðgjafa hjá Sjóvá hefur orðið talsverð aukning á greiðslum úr réttaraðstoðartryggingum og hefur félagið til að mynda greitt um 300 milljónir í réttaraðstoð á síðastliðnum tíu árum: „Málin eru mjög fjölbreytt og af ýmsum toga, meðal annars skulda- og meiðyrðamál í fjölskyldutryggingu 2 og 3 en í fasteignatryggingunni eru

gallamál og nágrannaerjur algengust,“ sagði Guðmundur.

Guðríður Anna Kristjánsdóttir hdl. hjá VÍS sagði málskostnaðarlið F plús til dæmis nýttan í ágreiningi vegna fjárhagslegra ráðstafana, í erfðamálum og læknamistakamálum; „Ásókn í trygginguna sveiflast nokkuð mikið á milli ára og hafa gengislánamálin verið mest áberandi undanfarið,“ sagði Guðríður en að þeim frátöldum væru skráð „tjón“ á þennan tryggingaflokk nokkuð í jafnvægi. Þá sagði Sigurður Óli Kolbeinsson framkvæmdastjóri váttryggingasviðs Varðar að ásókn í trygginguna hafi vaxið ört á undanförunum árum. Mesti fjöldinn væri vegna gengislánamála og annarra mála gegn bönkunum, t.d. vegna stofnfjárlánamála sparisjóðanna og vegna peningamarkaðssjóða. „Þar fyrir utan er flóran eins fjölbreytt og mál einstaklinga eru almennt en helst má þó þar nefna gallamál fasteigna,“ sagði Sigurður Óli.

Elvar Guðmundsson lögfræðingur hjá TM sagði gengislánamálin vera

fyrirferðamest hjá félaginu um þessar mundir en þess utan væru það fasteignakaupamál sem væru fyrirferðamikil.



Mikilvægt komi til ágreinings

Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir hdl., sem hefur sérhæft sig í ágreiningi um fasteignamál, telur að tæpur helmingur skjólstæðinga sinna séu með málskostnaðartryggingu og segir Guðfinna hana breyta öllu. „Ég ráðlegg fólki og húsfélögum að vera með fasteignatryggingu (húseigendatryggingu) en málskostnaðartrygging er innifalin í henni. Fólk áttar sig oft ekki á því hversu mikilvæg hún er komi til ágreinings eða leka frá tækjum eða lögnum innanhúss,“ sagði

hún. Ekki þótt fært að lögleiða slíka skyldutryggingu í fjöleignarhúsalögunum en meirihluti eigenda getur hins vegar tekið ákvörðun þar um. Þannig getur húsfundur samþykkt með einföldum meirihluta miðað við hlutfallstölur að kaupa slíka váttryggingu fyrir alla eignina, þ.e. fyrir alla séreignarhluta og sameign.

Lögmenn ekki meðvitaðir um réttaraðstoðartryggingu

Flest tryggingafélögin eru með sömu eða sambærilega skilmála varðandi málskostnaðar- og réttaraðstoðartryggingarnar. TM er þó eitt tryggingafélaga með það skilyrði að váttryggðum sé skylt að láta reyna á opinbera réttaraðstoð, þ.e. athuga með gjafsókn, nema augljóst sé að

hann uppfylli ekki skilyrði þess. Gjafsóknarnefnd fer hins vegar fram á að fá upplýsingar um hvort umsækjendur um gjafsókn njóti verndar réttaraðstoðar eða málskostnaðartryggingar og getur synjað eða takmarkað gjafsókn ef svo háttar til. Að sögn Ásu Ólafsdóttur, formanns gjafsóknarnefndar hefur reynt á þetta í umsögnum gjafsóknarnefndar: „Samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 45/2008, með síðari breytingum, má takmarka gjafsókn þegar umsækjandi nýtur váttryggingaverndar hjá tryggingafélagi. Gjafsóknarnefnd hefur stuðst við ákvæði reglugerðarinnar í umsögnum sínum þar sem mælt hefur verið með takmörkun gjafsóknar og nærtæk dæmi um þetta eru gengislánamálin,“ sagði Ása og benti jafnframt á að á nýlegu málþingi um réttaraðstoð á Norðurlöndum hafi komið fram að

meginreglan sé sú í nágrannalöndunum að gjafsókn sé einungis veitt þegar viðkomandi nýtur ekki annarra úrræða, s.s. málskostnaðartrygginga. Að sögn Elvars Guðmundssonar er það ekki svo að TM bjóði upp á lakari tryggingu vegna þessa gjafsóknarákvæðis því ef gjafsóknarnefnd neitar, virki tryggingin: „Það er stutt síðan gjafsóknarnefnd setti þetta í sínar reglur og því má segja að ákvæðið í skilmálum tryggingarinnar falli um sjálf sig,“ sagði hann. Ása Ólafsdóttir benti jafnframt á að dæmi væru um að lögmenn væru ekki nægilega vel vakandi yfir að kanna hvort skjólstæðingar þeirra væru með málskostnaðartryggingu þegar þeir sæktu um gjafsókn.

VÍS er eitt tryggingafélaganna með í sínum skilmálum að ef fimm eða fleiri váttryggðir eiga sömu lögvörðu hagsmuna að gæta, og ef sami lögmaður



AÐ HVERJU ÞARF ÉG AÐ HUGA?

- lífeyrissjóði og eftirlaunum
- vörn gegn tekjumissi vegna veikinda eða slysa
- skipulegum sparnaði
- uppbyggingu eigna

Almenni lífeyrissjóðurinn veitir faglega og persónulega ráðgjöf og fer vel yfir þín mál.

Hafðu samband við okkur og við finnum hentuga leið fyrir þig og þína

Borgartúni 25 • sími 510 2500 • www.almenni.is

og/eða lögmannsstofa gæti hagsmuna þeirra, þá greiði það aldrei hærra hlutfall af váttryggingarfjárhæð málskostnaðar en sem nemur 80% af fjöldanum 5-15, 65% ef váttryggðir eru 16-30 og þar fram eftir götum. Að sögn Guðríðar Önnu Kristjánsdóttur er þetta ákvæði sett til að lögmenn hugi að því að sameina mál þar sem það á við með hagsmuni allra að leiðarljósi.

Gildistími

Málskostnaðartrygging þarf að hafa verið í gildi í a.m.k. tvö ár til að málskostnaður verði greiddur með þeirri undantekningu að ef hinn váttryggði hefur haft sams konar tryggingu hjá öðru félagi áður fær hann hana reiknaða sér til góða. Ef váttryggður hefur ekki lengur málskostnaðartryggingu þegar ágreiningur kemur upp getur hann þrátt fyrir það fengið málskostnað greiddan úr váttryggingu ef hún hefur verið í gildi þegar atburður, sem atvik liggja til grundvallar kröfunni, gerðust og ekki eru liðin fjögur ár frá honum.

Hvað ber lögmanni að gera?

Þegar lögmaður tekur að sér mál ber honum að tilkynna það tryggingafélaginu áður en frekar er aðhafst í því. Ef málið þolir ekki bið getur hann þó beitt sér í því áður. Tryggingafélögin sem haft var samband við sögðu að almennt væru tilkynningar vel unnar hjá lögmönnum með örfáum undantekningum. Helst væri misbrestur á því að þeir tilkynntu málið strax í upphafi eins og skilmálar kveða á um.

Hvað bætir málskostnaðartrygging?

Tryggingafélögin greiða þóknun lögmanns, kostnað við öflun álitserða ef lögmaður biður um hana áður en til dómsmáls kemur eða augljóst sé að dómur verði ekki lagður á mál án hennar, kostnað við leiðslu vitna eða aðra sönnunarfærslu fyrir dómstólum, réttargjöld, málskostnað sem váttryggður er dæmdur eða úrskurðaður til að greiða gagnaðila af dómstóli við lok máls,

málskostnað sem váttryggður tekur á sig með dómsátt að greiða gagnaðila ef augljóst er að dómstóll hefði dæmt hann til að greiða hærri málskostnað ef dómur hefði gengið.



Ca 70% skjólstæðinga með málskostnaðartryggingu

Málskostnaðartrygging gildir vegna gengislánamála sem hafa verið höfðuð fyrir dómstólum. Jóhannes S. Ólafsson hdl., hefur mikið sinnt ágreiningsmálum í tengslum við gengislán vegna bifreiðakaupa og sagði u.þ.b. 70% skjólstæðinga sinna vera með málskostnaðartryggingu: „Í upphafi höfnuðu tryggingafélögin því að þessi tegund mála félli undir trygginguna af þeirri ástæðu að tryggingin tæki ekki til mála sem varða váttryggðan sem eiganda vélknúins faratækis en úrskurðarnefnd váttryggingamála komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að þar sem réttarlegur ágreiningur takmarkaðist við endurútreikning lánasamnings teldist málskostnaðartrygging virk. Eftir það féllust tryggingafélögin á það eitt af öðru að tryggingin gilti í þessum svokölluðu gengislánamálum einstaklinga,“ sagði Jóhannes.

Hvað bætir málskostnaðartrygging ekki?

Váttryggður fær ekki bætur vegna eigin vinnu, tekjuskertingar, ferða- og dvalarkostnaðar, fullnustu dóms, úrskurðar eða sáttar, aukakostnað ef fengnir eru fleiri lögmenn eða skipt er um lögmenn eða aukakostnað ef váttryggður eða lögmaður hans gerist sekur um vanrækslu í málarekstrinum. Þá greiðir félagið ekki ef váttryggður gefur frá sér möguleika að innheimta málskostnað frá mótaðila með eða án málsóknar.



ADVEL
lögmenn

Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Iceland
Sími/tel (+354)520 2050
Fax (+354)552 2050
advel.is

ADVEL LÖGMENN ERU

Anton Björn Markússon hrl.
Davið Örn Sveinbjörnsson LL.M. | lögfræðingur
Fanney Finnsdóttir lögfræðingur
Guðmundur Siemsen hdl.
Gunnlaugur Úlfsson hdl.
Hrafnhildur Kristinsdóttir hdl.
Jóhanna Katrín Magnúsdóttir hdl.
Jón Ögmundsson JD | hdl.
Kristinn Hallgrímsson hrl.
Linda Fanney Valgeirsdóttir hdl.
Margeir Valur Sigurðsson lögfræðingur
Ragnheiður Porkelsdóttir hdl.
Sigrún Helga Jóhannsdóttir hdl.
Sigurður Valgeir Guðjónsson hdl.
Snorri Stefánsson hdl.
Stefán Þór Ingimarsson LL.M. | hdl.
Telma Halldórsdóttir MA | hdl.
Valgerður B. Eggertsdóttir LL.M. | hdl.



Ósanngarnt að sífjamálin séu undanskilin

Þau mál sem undanskilin eru í réttaraðstoðar- og málskostnaðartryggingu varða skilnað og sambúðarslit, forræði barna og umgengnisrétt. Þá eru sakamál undanþegin, mál sem eru í tengslum við atvinnu og sem varða fjárhagslegar ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða óvenju umfangsmiklar fyrir einstakling. Einnig mál þar sem váttryggður gengur í ábyrgð fyrir aðra, mál sem varða skaðabætur eða aðrar kröfur vegna saknæms brots,

innheimtumál gegn váttryggðum þar sem krafa er óumdeild og ef ekki eru fyrir hendi réttmætir hagsmunir af því að fá dóm í málinu.

Þyrí Steingrímsdóttir hrl., sem mikið sinnir sífjamálum, segir það verulega ósanngarnt að þau mál séu undanskilin í málskostnaðartryggingunni: „Ég hef aldrei skilið hvaða eðlismunur er á sífjamálum og öðrum málum hvað þetta varðar. Skilmálar málskostnaðartrygginga eru venjulega alveg skýrir með það að tryggingarnar taka ekki til málsmeðferðar hjá stjórnslunni heldur bara hjá dómstólum. Ég gæti alveg fellt mig við það í sífjamálunum en ég hef aldrei skilið hvaða rök standa til þess að undanskilja heilan málaflokk úr málskostnaðartryggingu,“ sagði hún. Þyrí sagði ennfremur að á ráðstefnu um gjafsóknarmál, sem haldin var í Reykjavík nýlega, hafi lögmenn frá Norðurlöndum talað á þann veg

að málskostnaðartryggingar væru algengari og „sterkari“ en hér þekkist: „Finnski lögmaðurinn sagði að yfir 80% einstaklinga í Finnlandi væru með slíka tryggingu og að það væri skilyrði fyrir veitingu gjafsóknarleyfis þar í landi að búið væri að ganga úr skugga um að viðkomandi gæti ekki fengið greitt úr sinni tryggingu. Þetta er umhugsunarvert.“

Í lokin

Málskostnaðartryggingar skipta oft sköpum fyrir einstaklinga sem ná þurfa fram rétti sínum fyrir dómstólum og það er mikilvægt að lögmenn sem og almenningur séu meðvitaðir um tilvist slíkra trygginga. Þá eru skilmálar málskostnaðartrygginga keimlíkir milli tryggingarfélaganna og frekar mismunur á tryggingavernd eftir flokkum en félögum.

Eyrún Ingadóttir



Löggiltar skjalapýðingar

Pýðingastofan í Reykjavík

Sími 562 6204 • transrek@transrek.net



LEGAL

LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA SÍÐAN 1960

Ásbjörn Jónsson hrl.

Jón Eysteinnsson hrl.

Unnar Steinn Bjarndal hdl.

Garðar K. Vilhjálmsson hdl.

Snorri Snorrason hdl.

Ásta Björk Eiríksdóttir hdl.

Theodór Kjartansson hdl.



F.v. Hákon Árnason, Reimar Pétursson, Gestur Jónsson og Jónas Þór Guðmundsson.

Að lögmanni sé heimilt að hafa samband við vitni

Félagsfundur Lögmannafélags Íslands um tillögu að breytingu á 21. gr. Codex ethicus.

Á FÉLAGSFUNDI LMFÍ 26. nóvember síðastliðinn var kynnt hugmynd að breytingu á 21. gr. siðareglna lögmannna.

Aðdragandi þess að Lögmannafélagið hóf vinnu við gerð breytingartillögunnar var dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-127/2012, svokölluðu Al-Thani máli. Við aðalmeðferð málsins kom fram að fjögur vitni hefðu átt fund með verjendum ákærðu fyrir aðalmeðferðina og kynnt sér gögn málsins á skrifstofu verjendanna. Það var mat dómsins að með því að ræða við vitnin og sýna þeim sönnunargögn hefðu verjendurnir farið á svig við lög um meðferð sakamála nr. 88/2008, auk þess sem háttsemin var talin til þess fallin að rýra trúverðugleika vitnanna. Laganefnd LMFÍ vann að útfærslu hugmyndar að breytingu á siðareglunum, sem siðareglunefnd LMFÍ samþykkti á fundi sínum í kjölfarið. Tillagan hljóðar svo:

Við 21. gr. bætist ný málsgrein, 3. mgr., sem hljóðar svo:

„Lögmanni er heimilt að hafa samband við vitni í máli til að kanna hvað það getur borið um atvik og, ef því er að skipta, til að gera því kleift að búa sig undir vitnaleiðslu. Sé um að ræða vitni, sem eru í sérstökum tengslum við gagnaðila, er lögmanninum skylt að tilkynna lögmanni gagnaðila áður en haft er samband ef þess er nokkur kostur en ella jafn skjótt og kostur er. Hafi lögmaður samband við vitni ber honum að gæta viðeigandi tillitssemi og forðast að hafa ábrif á framburð vitnisins“.

Reimar Pétursson hrl. og formaður laganefndar LMFÍ sagði að nauðsynlegt væri fyrir lögmennt að ræða við vitni og að lög um meðferð sakamála feli ekki í sér bann við því. Vandamálið sé hins vegar hvernig lögmennt eigi að bera sig að í samskiptum sínum við vitni, en tillögunni er ætlað að veita nánari

leiðsögn um slíkt. Hákon Árnason hrl. og formaður siðareglunefndar LMFÍ sagði að útfærsla laganefndar samrýmdist inntaki núgildandi siðareglna og væri einnig í samræmi við danskar, norskar og sænskar siðareglur. Þá sagði Hákon að ef verjandi ræddi ekki við vitni gæti hann hugsanlega verið að vanrækja skyldur sínar gagnvart skjólstæðingi og skerða möguleika sína á því að halda uppi fullnægjandi vörnum. Hákon taldi því afar brýnt hagsmunamál fyrir lögmennt að skoðun LMFÍ á þessu máli yrði gerð opinber.

Líflegar umræður urðu um tillöguna og sagði Gestur Jónsson hrl. telja engan vafa leika á því að lögmenntum væri rétt og skylt að kynna sér atvik máls og það yrði ekki gert án þess að hafa samband við þá aðila sem þekktu atvikin, þ.e. vitnin. Sagðist Gestur styðja tillöguna heilshugar. Jóhannes Karl Sveinsson hrl. sagði að útskýra þyrfti

betur hvernig lögmenn ættu að ræða við vitni og taldi að setja ætti ítarlegri leiðbeiningarreglur til þess að fara eftir. Kristinn Bjarnason hrl. taldi eðlilegra að bíða niðurstöðu Hæstaréttar í Al – Thani málinu sem myndi væntanlega skýra með dómi sínum snemma á næsta ári, hvernig lögmenn ættu að umgangast vitni í sakamálum. Kristinn sagðist ekki taka afstöðu til efnis tillögunar en sagði að slík regla í siðareglum kynni að vera nauðsynleg. Garðar Steinn Ólafsson hdl. sagði tillöguna ekki veita lögmönnum nýja heimild heldur væri hún að skýra betur heimild sem fyrir væri. Einar Gautur Steingrímsson hrl. lýsti þerri skoðun sinni að LMFÍ ætti að setja siðareglur á eigin forsendum og

því væri rétt að setja skýrar reglur um samskipti lögmanna við vitni. Ekki skipti máli hvort Hæstiréttur ætlaði að fjalla um málið eða ekki. Varðandi sjónarmið Kristins sagði Reimar að héraðsdómarar hefðu mismunandi viðhorf til málsins og því væri mikilvægt að afstaða LMFÍ lægi fyrir um hvað teldust fagleg vinnubrögð áður en dómur yrði uppkveðinn.

Í lok fundar samþykktu fundarmenn eftirfarandi ályktun um samskipti lögmanna og vitna og ósk til stjórnar Lögmannafélagsins um að vinna málið áfram:

„Fundurinn ályktar að lögmanni sé heimilt og geti eftir atvikum verið skylt að hafa samband við vitni í máli. Hafi

lögmaður samband við vitni ber honum að gæta tillitsemi og forðast að hafa ábrif á framburð þess. Lögmenn skulu í þessu gæta faglegra vinnubragða sem samrýmast siðareglum félagsins. Stjórn félagsins er falið að vinna áfram að þeirri tillögu sem liggur fyrir fundinum um breytingar á siðareglum félagsins þessu til staðfestu“.

Anna Lilja Hallgrímsdóttir

Gleðileg jól, gott og farsælt komandi ár



CATO
L Ö G M E N N


HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

FORTIS
Lögmennsstofa

JÓNATANSSON&CO
Lögfræðistofa ehf

SUBURLANDSBRAUT 6 / Sími 533 3434 / www.jonatansson.is

K · R · S · T
L Ö G M E N N

LMB
LÖGMENN BÁRUGÖTU

KPMG

LEX

NORDIK
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA

LIT ehf.
Ingi Tryggvason hdl.

 **Mörkin** lögmennsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík
Sími 414 4100 · Fax 414 4101 · www.law.is

LÖGMANNSHLIÐ
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA
GLEIRGÖTU 30 • 600 AKUREYRI • SÍMI 466 2200 • NETFANG: LHM@LÖGMANNSHLIÐ.IS
SIGURDUEP.GEIRMUNDSSON.HRL • INGVAR ÞORGERÐSSON.HRL

Bonafide
LÖGMENN

LANDSLÖG


Lögmannafélag
Íslands

Af birtingum dóma og stjórnvaldsákvarðana

Á ÁRINU VORU bæði á vettvangi dómstólaráðs og Hæstaréttar settar nýjar reglur um birtingu dóma. Segja má að þar togist á tvenns konar sjónarmið, annars vegar mikilvægi þess að dómur sé birtir og hins vegar að vernda persónur sem í hlut eiga í dómsmálum.

Almennt séð gegnir opinber birting dóma mikilvægu hlutverki í réttarkerfinu og hið sama má segja um birtingu á úrskurðum og ákvörðunum stjórnvalda. Þróunin hefur verið hröð í þessum efnum með tilkomu netsins, einkum hvað birtingu á vettvangi dómstólanna en einnig hjá stjórnslunni. Um 15 ár eru síðan að dómur Hæstaréttar fóru að birtast á vef dómstólsins og frá og með 2006 hófust birtingar á héraðsdómum. Þá hafa rafræn dómasöfn komið til sögunnar og sífellt er unnið að því að bæta þau og gera aðgengilegri.

Aukið aðgengi að upplýsingum

Fréttaflokkur af dómum hefur að sama skapi stóruaukið og þótt sú þróun sé jákvæð í grunninn þá vekur hún upp ýmsar spurningar um hvaða upplýsingar eigi að birta og hvað ekki. Dómur, úrskurðir og ákvarðanir hafa oftast en ekki að geyma margvíslegar upplýsingar um þá sem að málinu koma. Þá gleymir Internetið seint því sem á annað borð fer þar inn. Hafi nafn fólks ratað inn í úrlausnir dómstóla eða stjórnvalda sem birtar hafa verið á netinu er nánast öruggt að þær upplýsingar finnast í „gúgli“ eða annarri leit á netinu um ókomna framtíð og í ákveðnum málum geta þau víðurlög, ef svo má kalla, verið einna þungbærust fyrir þá sem í hlut eiga.

Sem fyrr segir voru settar reglur um þessi mál á árinu, bæði á vettvangi dómstólaráðs og Hæstaréttar. Í reglunum kemur m.a. fram að gæta skuli nafnleyndar í einkamálum sem fjalla um viðkvæm málefni. Í reglum Hæstaréttar er heimildin að vísu einskorðuð við heilsufarsupplýsingar en í reglum

dómstólaráðs er talað um „viðkvæm persónuleg málefni“ og mál sem varða læknamistök tekin í dæmaskyni. Áhersla á nafnleynd hefur frekar verið á nafnleynd í tengslum við birtingu dóma á sviði saka-, sífja- og persónuréttar en ljóst er þó í einkamálum geta komið fram margvíslegar upplýsingar um einstaklinga, t.d. tekjur og fjárhag í málum sem varðar skuldir eða upplýsingar um heilsufar í skaðabótamálum.

Fullnægjandi vernd?

Það getur því varðað miklu að dómur, úrskurðir og ákvarðanir stjórnvalda séu nafnahreinsaðir þegar kemur að birtingu. Því má hins vegar velja fyrir sér hvort sú vernd dugi í öllum tilfellum til, t.d. í fámennari samfélögum, þar sem lítið mál kann að vera að lesa á milli línanna um hverjir eigi í hlut, þótt nafn viðkomandi komi ekki fram með beinum hætti.

Í þessu samhengi er einnig áhugavert að velja fyrir sér hvað er birt og hvað ekki. Almennt eru héraðsdómur birtir en á því eru ýmsar óreglubundnar undantekningar. Inn í þetta spilar eflaust mikið álag á dómstólum og aukavinna við að t.d. þurfa að nafnahreinsa dóma fyrir birtingu á netinu. Tekið skal þó fram að ekkert bendir til annars en að úrlausnir héraðsdómstóla eru almennt og í langflestum tilfellum birtar á netinu.

Birtingar innan stjórnslunnar

Í stjórnslunni getur verið verulegur munur eftir sviðum og stofnunum um hvað er birt og hvað ekki þótt almennt sé íslenska stjórnslan dugleg við að birta. Ekki er fyrir hendi almenn regla um þetta atriði, stjórnslulög hafa t.a.m. ekki að geyma aðra skyldu á stjórnslunni en að birta fyrir aðilum í hverju máli. Skylda til birtinga getur þó verið í sérlægum. Dæmi um það er t.d. yfirskattanefnd sem ber samkvæmt 14. gr. laga nr. 30/1992 um yfirskattanefnd að birta helstu úrskurði sína á vefsíðu

sinni. Ef ekki er kveðið svo á um virðast stjórnvöld þó ekki telja sér ekki skylt að birta niðurstöður sínar þótt vissulega séu mörg dæmi um að slíkt sé gert.

Færst hefur í vöxt að úrskurðarnefndir séu settar á stofn innan stjórnslunnar og hafa úrskurðir þeirra almennt verið birtir og þá nafnahreinsaðir.

Ekkert birt í ákveðnum málaflokkum

Svo dæmi sé tekið af einum málaflokk, málefnum útlendinga, þá kom sú regla fyrst til á þessu ári að úrskurðir á æðra stjórnslustigi (nú innanríkisráðuneytið) skyldu birtir en það hlutverk færðist með breytingu á útlendingalögum fjárhagsupplýsingar um fyrirtæki aðgengilegri til sérstakrar úrskurðarnefndar sem sett hefur verið á laggirnar og vænta má að birti úrskurði sína. Útlendingastofnun hefur hins vegar ekki birt úrskurði sína í málefnum hælisleitenda og ráðuneytið ekki fyrr en í ár.

Annað dæmi og aðeins ólíkt er t.d. Seðlabankinn en engar úrlausnir eða niðurstöður bankans í tengslum við framkvæmd gjaldeyrishaftanna og undanþágur frá þeim hafa verið birtar. Þetta gerir réttarsviðið ógagnsærra en ella og auðvitað erfiðara að átta sig á.

Þegar horft er yfir sviðið hvað þessi atriði varðar, er ljóst að þróunin hefur verið mjög hröð og að flestu leyti er hún jákvæð. Þó verður að stíga varlega til jarðar og gæta að því að í mörgum þeirra mála sem dómstólar og stjórnvöld fjalla um eru viðkvæmar persónuupplýsingar til meðferðar og fara verður gætilega í þeim efnum. Ennfremur hefur að einhverju leyti vantað upp á samræmingu að þessu leyti og óeðlilegt hlýtur að teljast að ákveðin svið í stjórnslunni birti ekkert af sínum niðurstöðum á meðan aðrar stofnanir birta alla sína úrskurði.

ÁH

Framúrskarandi eignastýring





Gleðileg jól, farsælt komandi ár

REYKJAVÍK

Atlantik Legal Services ehf.

Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Atlantik Legal Services ehf.

Katrínartúni 2
105 Reykjavík

ÁH lögmanns slf.

Vættaborgum 144
112 Reykjavík

E. Sigurjónsson lögmannsstofa ehf.

Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Fjeldsted & Blöndal lögmannsstofa slf.

Ármúla 17
108 Reykjavík

Forum lögmanns ehf.

Aðalstræti 6
101 Reykjavík

Grétar Haraldsson hrl.

Suðurrhólum 22
111 Reykjavík

Jón Egilsson hrl. og Auður Björg Jónsdóttir hdl.

Knarrarvogi 4
104 Reykjavík

Jón Sigfús Sigurjónsson

Skólavörðustíg 12, 3. hæð
101 Reykjavík

JP Lögmanns ehf.

Katrínartúni 2, Höfðatorgi
105 Reykjavík

Lagastoð, innheimtuþjónusta

Lágmúla 7
108 Reykjavík

LAG-Lögmanns slf.

Ingólfsstræti 5
101 Reykjavík

Lausnir lögmannsstofa sf.

Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík

LOG lögmannsstofa sf.

Kringlunni 7
103 Reykjavík

Lögafli-lögmannsstofa

Kringlunni 4-12
103 Reykjavík

Lögfræðiþjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl.

Sigtúni 42
105 Reykjavík

Lögmanns Árbæ slf.

Nethyl 2
110 Reykjavík

Lögmanns Höfðabakka ehf.

Höfðabakka 9
110 Reykjavík

Lögmanns Jónas & Jónas Þór sf.

Stórhöfða 25
110 Reykjavík

Lögmanns Laugavegi 3 ehf.

Laugavegi 3
101 Reykjavík

Lögmanns Lækjargötu ehf.

Lækjargötu 2
101 Reykjavík

Lögron, lögfræðistofa Reykjavíkur og nágrennis

Katrín Theodórsdóttir hdl. LL.M
Ásvallagötu 2
101 Reykjavík

ÓK Lögmanns slf.

Gufunesvegi
112 Reykjavík

Sigurður I. Halldórsson hdl.

Suðurlandsbraut 8
108 Reykjavík

Sigurjónsson & Thor ehf.

Lágmúla 7
108 Reykjavík

Sveiney ehf.

Granaskjólí 90
107 Reykjavík

Veritas lögmanns

Borgartúni 28, 3. hæð
105 Reykjavík

Vík lögmannsstofa ehf.

Laugavegi 77
101 Reykjavík

SELTJARNARNES**Eggert B. Ólafsson, samkeppnisráðgjöf**

Eiðistorgi 17
170 Seltjarnarnes

KÓPAVOGUR**Íslenska lögfræðistofan**

Smáratorgi 3
201 Kópavogur

LOCAL lögmanns slf.

Smáratorgi 3
201 Kópavogur

Lögmannsstofa**Guðmundar Þórðarsonar og Fasteignasala Kópavogs**

Hamraborg 14a
200 Kópavogur

Þórutindar ehf.

Hlíðasmára 6
201 Kópavogur

HAFNARFJÖRÐUR**Lögmanns Thorsplani sf.**

Fjarðargötu 11
220 Hafnarfjörður

STYKKISHÓLMUR**Málflutningsstofa Snæfellsness**

Aðalgötu 24
340 Stykkishólmur

AKUREYRI**Lögmannsstofa Akureyrar ehf**

Hofsbrót
600 Akureyri

Skáld og hæstaréttardómar í jólahádegi

Lögfræðingar úr LMFÍ, LÍ og DÍ komu saman föstudaginn 5. desember sl. og snæddu saman jólahádegisverð á Nordica. Að þessu sinni kom Gerður Kristný skáld í heimsókn og sagði gestum frá gerð nýjustu ljóðabókar sinnar, Drápu, en hún nýtti meðal annars gamla hæstaréttardóma sem heimild. Í hæstaréttardómum eru miklar upplýsingar varðveittar um sorglegustu atburði samfélagsins og það var áhugavert að heyra Gerði Kristnýju segja frá sjónarhorni sínu.





Frá tíu ára afmælishátíð Félags kvenna í lögmennsku. Á hátíðinni voru þrjár heiðursgestir: Frú Vigdís Finnbogadóttir fv. forseti Íslands, Ingibjörg Benediktsdóttir fv. hæstaréttardómari og Þórunn Guðmundsdóttir hrl., fv. formaður LMFÍ.

Félag kvenna í lögmennsku 10 ára

VORIÐ 2004 VAR Félag kvenna í lögmennsku (FKL) stofnað til að efla samstarf og auka áhrif og þátttöku kvenna í lögmennsku. Stofnfundurinn var fjölmennur þar sem samankomnar voru um helmingur kvenna í lögmannastétt. Forvígiskonur FKL vildu gera konur sýnilegri og virkari innan Lögmannafélags Íslands (LMFÍ), stuðla að fjölgun kvenna í lögmennsku og mynda tengslanet. Þá var talið mikilvægt að halda uppi umræðu um hagsmunamál kvenna í stéttinni og áhugi var á að láta rannsaka brottfall kvenna úr lögmannastétt og ástæður þess. Stofnun félagsins ber m.a. að skoða í ljósi þess árið 2004 voru konur einungis 22% félagsmanna eða alls 147 í LMFÍ en aðeins tíu árum áður, árið 1994, höfðu konur verið 11% félagsmanna eða alls 43. Til ársins 2004 höfðu einungis átta konur setið í aðalstjórn LMFÍ í 93 ára sögu þess og ein kona verið formaður.

Stofnun FKL

Undirbúningsnefnd að stofnun FKL skipuðu þær Berglind Svavarsdóttir, Guðrún Björg Birgisdóttir, Helga Melkorka Óttarsdóttir, Hjördís Harðardóttir, Kristín Edwald, Oddný Mjöll Arnardóttir, Sif Konráðsdóttir, Vala Valtýsdóttir og Þorbjörg I. Jónsdóttir. Á

stofnfundi í mars 2004 var fyrsta stjórn félagsins skipuð. FKL varð þá strax um vorið aðili að félagsdeild LMFÍ og hefur allt frá upphafi átt farsælt samstarf við starfsmann deildarinnar.

Tengslafundir FKL

Þegar við stofnun FKL var ljóst að þörf og áhugi væri á að efla félagstengsl kvenna í lögmennsku. Voru léttir hádegisfundir nokkuð tíðir á fyrstu starfsárum félagsins, ýmist óformlegir eða með ákveðið umfjöllunarefni. Á slíkum hádegisfundum 2005 kynnti t.d. Hrafnhildur Stefánsdóttir lögmaður skýrslu stjórnvalda um aukinn hlut kvenna í yfirstjórnnum fyrirtækja sem bar heitið „Aukin tækifæri í forystu atvinnulífsins“ en hlutfall kvenna í stjórnnum fyrirtækja á Íslandi var þá nokkuð lakara en meðaltal Norðurlandanna. Frá árinu 2010 hefur reglulega verið efnt til óformlegra tengslafunda. Jafnframt hefur konum í lögmennsku verið boðið til ýmissa stofnana og fyrirtækja þar sem ákveðið efni hefur verið til umræðu. Sem dæmi má nefna að þannig héldu yfir sextíu konur til Hæstaréttar Íslands í nóvember 2013 og að því loknu í móttöku til lögmanna Laugavegi 3. Þá bauð LOGOS FKL til móttöku í febrúar 2014 og mættu hátt í 60 konur. Erindi héldu Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins

og Helga Melkorka Óttarsdóttir, hrl. og framkvæmdastjóri LOGOS. FKL hefur einnig leitast við að fá til sín góða gesti á aðalfundi félagsins. Sem dæmi má nefna héldu Eva Margrét Ævarsdóttir og Helga Lára Hauksdóttir lögfræðingar og stofnendur Roadmap ehf. erindi um ávinning af samfélagsábyrgð og góðum stjórnarháttum á aðalfundi 2014.

Ráðstefnur og stærri viðburðir FKL

Fyrsta starfsár FKL hófst með því að FKL stóð, í samstarfi við LMFÍ, fyrir opnum morgunverðarfundum þar sem framsögu hafði Elisabet Fura-Sandström, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu og fyrrum formaður sænska lögmannafélagsins. Erindi hennar bar yfirskriftina „Different but equal – when will we get there? Women in the judiciary, success or failure, joint liability? Some thoughts about how to survive as a female professional“. Þá tók formaður FKL jafnframt þátt í pallborði á málþinginu „Konur, völdin og lögin“, þar sem aðalfyrirlesari var breski lögmaðurinn Cherie Blair, og flutti erindi á ráðstefnunni „Konur og völd“, sem haldin var á Bifröst 2005 um hvort að lög væru raunhæft tæki til að færa efnahagsleg völd til kvenna.

FKL hélt þá ráðstefnuna „Kvenlögfræðingar í fortíð, nútíð og framtíð“ í upphafi ársins 2007 á Hótel Sögu. Var hún að öðrum þræði haldin til þess að heiðra þrjá brautryðjendur kvenlögfræðinga; Auði Þorbergsdóttur fv. héraðsdómara, Guðrúnu Erlendsdóttur fv. hæstaréttardómara og Ragnhildi Helgadóttur fv. ráðherra og alþingismann. Auður, Guðrún og Ragnhildur litu yfir farinn veg, sögðu frá háskólanámi sínu og því sem við tók á atvinnumarkaðinum þar sem karlar höfðu verið einráðir. Brynhildur Flóvenz fjallaði þá um einkenni kvennaréttar og áhrif kvenna á lögfræði og lagaframkvæmd. Við tók Þorbjörg Gunnlaugsdóttir lögfræðingur sem fjallaði um stöðu nútímakonunnar. Ráðstefnunni lauk með pallborðsumræðum, móttöku og sameiginlegum kvöldverði.

Í marsmánuði 2011 stóð FKL fyrir málþingi í ráðhúsi Reykjavíkur um Auði Auðuns, sem fyrst kvenna útskrifaðist frá lagadeild Háskóla Íslands og gegndi embætti borgarstjóra og ráðherra. Málþingið bar yfirskriftina: „Auður Auðuns, frumkvöðull og fyrirmynd –

aldarminning.“ Framsögukonur voru Hanna Birna Kristjánsdóttir, þv. forseti borgarstjórnar, Ragna Árnadóttir, þv. skrifstofustjóri, Þórunna Jónsdóttir framkvæmdastjóri, Guðrún Sesselja Arnadóttir hrl. og Guðrún Erlendsdóttir fv. hæstaréttardómari.

Í nóvember 2014 stóð FKL þá fyrir 10 ára afmælishátíð að Hannesarholti. Stjórn FKL tók saman efni af ýmsum toga fyrir rafrænt afmælisfréttabréf FKL sem sent var til kvenna í lögmennsku í tilefni afmælisins, en efnið má nú finna á heimasíðu félagsins. Á viðburðinum héldu frú Vigdís Finnbogadóttir, þv. forseti Íslands, Ingibjörg Benediktsdóttir fv. hæstaréttardómari og Þórunn Guðmundsdóttir hrl. og fv. formaður LMFÍ skemmtileg erindi. Var viðburðinn vel heppnaður og komust færri að en vildu. Kann FKL öllum þeim fyrirtækjum sem félagið styrktu vegna afmælisins bestu þakkar.

Samstarf fagfélaga kvenna

FKL hefur allt frá stofnun félagsins átt í góðu samstarfi við Félag kvenna



Frú Vigdís Finnbogadóttir.

í læknastétt, kvennanefnd Verkfræðingafélagsins, Félag kvenna í endurskoðun og Félag prestvígðra kvenna. Fyrsti sameiginlegi fundur félaganna var þannig haldinn í október 2004 hjá LOGOS, þar sem Þórdís Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Stjórnendaskóla HR, hélt erindið: „Tengslanet – hver er tilgangurinn?“

Á árunum 2005-2006 vöktu fagfélögin athygli á lágu hlutfalli kvenna í stjórnnum félaga á hlutabréfamarkaði og

Gledileg jól

Nýtt þýðingafyrirtæki á gömlum grunni!
Þýðingar og textaráðgjöf verður



Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda *Ása – þýðinga og túlkunar slf*:

Ellen Ingvadóttir, lögg. dómtúlkur og skjalapýðandi
Bjarni Gunnarsson, lögg. dómtúlkur og skjalapýðandi
Niels Rask Vendelbjerg, lögg. dómtúlkur og skjalapýðandi
Matthías M. Kristiansen, þýðandi
Daniel D. Teague, skjalapýðandi
Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.
Aðili að rammamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

Ásar – þýðingar og túlkun slf » Skipholti 50b » sími: 562-6588 » netf: ellening@simnet.is



Marta Margrét Rúnarsdóttir hdl., formaður Félags kvenna í lögmennsku.

í lífeyrissjóðum. Fjölmiðlum voru þannig kynntar tölur sem félögin tóku saman og höfðað var til þeirra sem komu að vali á stjórnarmönnum í félögum og sjóðum um að bæta kynjahlutföll. Miklar umræður urðu í samfélaginu um málið í kjölfarið. Sameiginlegur fundur var haldinn hjá LOGOS þar sem Lisa Levey hélt erindi, en hún var stödd á Íslandi í boði stjórnvalda og Viðskiptaráðs í tengslum við starf nefndar um aukinn hlut kvenna í yfirstjórnnum fyrirtækja. Þá stóðu fagfélögin saman um að senda áskorun á stjórnir félaga á aðallista Kauphallar Íslands og aðilum vinnumarkaðarins um að auka hlut kvenna í stjórnnum fyrirtækja og lífeyrissjóða. Var bréfunum fylgt eftir með samtölum og fundum.

Á árunum 2007-2011 héldu fagfélögin árlega sameiginlega fundi. Fundarefni voru af ýmsu tagi, m.a. um jafnréttismál innan Háskóla Íslands, sýnileika kvenna

í mikilvægum störfum í fjölmiðlum og um konur og völd. Á slíkum fundi 2010 var þá samþykkt ályktun þar sem skorað var á íslensk stjórnvöld að tryggja að hlutfall kvenna og karla yrði jafnt við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga. Fundurinn lýsti þá ánægju með ný lög sem tryggja áttu jöfn hlutföll kynja í stjórnir hlutafélaga. Á kvennafrídegi 2013, buðu Félag prestvígðra kvenna og Félag kvenna í læknastétt fagfélögum kvenna til frú Agnesar Sigurðardóttur, fyrsta kvenbiskups Íslands. Fagfélögin eiga nú með sér samstarf um næsta viðburð, sem áætlað er að haldinn verði árið 2015.

Námskeið FKL

FKL hefur staðið fyrir og stuðlað að framboði fjölda námskeiða frá stofnun félagsins, meðal annars í samstarfi við LMFÍ. Þannig hefur FKL staðið fyrir námskeiðum sem varða markvissa framsögn, þjálfun í framsækni, samskipti við fjölmiðla og stjórnarsetu í fyrirtækjum.

Íþróttastarf FKL

Stjórn FKL hóf árið 2006 að standa fyrir reglulegum gönguferðum. Frá 2011 hafa félagskonur að jafnaði árlega farið í eina til tvær léttar göngur eftir vinnu, önnur þeirra iðulega í kringum Jónsmessuna. Þannig hefur verið gengið í Elliðaárdalnum, á Helgafell í Hafnarfirði, Úlfarsfell og ósjaldan á Esju. Vaskar FKL konur héldu þá í sjósund með fulltingi Sivjar Friðleifsdóttur á árinu 2010, og árin 2011-2012 sendi FKL lið

kvenna til þátttöku í innanhússmóti LMFÍ í knattspyrnu. Þótti það fréttæmt, enda í fyrsta sinn í sögunni sem konur skipuðu lið í hinu margrómaða móti lögmanna. Á síðustu árum hefur FKL þá staðið að skipulagningu golfnámskeiða, með það að markmiði að vekja áhuga kvenna enn frekar á íþróttinni. Þannig stóð FKL stóð fyrir átakinu „Allar á völlinn“ síðastliðið sumar, golfhópur var stofnaður á Facebook og golfmót FKL haldið í fyrsta sinn.

Alþjóðlegt samstarf kvenna í lögmennsku

FKL var um skeið, eða til ársins 2011, aðili að Evrópusamtökum kvenlögfræðinga (e. EWLA) sem stofnuð voru árið 2000. Sóttu félagar FKL ráðstefnur á vegum samtakanna og tók FKL virkan þátt í undirbúningi ráðstefnu EWLA sem haldin var hér á landi árið 2009. Á árinu 2014 átti FKL þá í fyrsta sinn samstarf við systurfélög og lögmannafélög á Norðurlöndum vegna verkefna er varða stöðu kvenna í lögmennsku. Afrakstur þess samstarfs og um stöðuna á Norðurlöndum má sjá á heimasíðu FKL þar sem finna má greinar viðkomandi félaga í Noregi, Danmörku og Svíþjóð.

Samantekt stjórnar FKL byggir á fundargerðum og skýrslum stjórnar, viðtölum við fyrrum stjórnarkonur, ársskýrslum LMFÍ og greinum sem birst hafa m.a. í Lögmannablaðinu eftir Eyrúnu Ingadóttur. Athygli er vakin á því að saga FKL er birt í heild á heimsíðu félagsins, www.fkl.is.

Alþjóðlegt fyrirtækjanet

PwC er alþjóðlegt fyrirtækjanet sem þjónustar fyrirtæki og stofnanir með ráðgjöf á sviði skatta, lögfræði og fjármála auk endurskoðunar.



jura®

Fyrir alla sem elska kaffi



EIRVÍK

Opið virka daga frá kl. 10:00-18:00 og laugardaga frá kl. 11:00-15:00 | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

JÓNAS ÞÓR GUÐMUNDSSON HRL.



Nokkur orð um störf lögmannna og samskipti þeirra innbyrðis

Í SIÐAREGLUM LÖGMANNA (codex ethicus) er sem kunnugt er að finna margvísleg ákvæði um störf lögmannna og samskipti þeirra innbyrðis. Öllum er okkur lögmönnum hollt að rifja reglulega upp ákvæði þessi. Hér verður minnst á nokkur þeirra, en ekki er um tæmandi umfjöllun að ræða.

Í I. kafla siðareglanna er fjallað um góða lögmanshætti almennt. Samkvæmt 4. gr. má lögmaður ekki ljá þeim nafn sitt eða lögmansaðstoð, er stunda vilja lögmansstörf, en hafa ekki til þess rétt að lögum. Þá má lögmaður á engan hátt stuðla að því, að þeir er ekki hafa lögmansréttindi, fái unnið verk, sem skulu lögum eða venju samkvæmt aðeins unnin af lögmanni.

II. kafli fjallar um skyldur lögmans gagnvart skjólstæðingi sínum. Þar kemur fram í 3. mgr. 8. gr. að lögmaður skuli ekki taka að sér verkefni, sem hann veit eða má vita að hann er ekki fær um að sinna af kunnáttu og fagmennsku, nema verkið sé unnið í samstarfi við hæfan lögmann á viðkomandi sviði.

Í IV. kafla er að finna ákvæði um samskipti lögmannna innbyrðis. Þar kemur fram í 25. gr. að lögmenn skuli hafa góða samvinnu sín á milli og sýna hver öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu. Þeir skuli sýna hver öðrum þá tillitssemi, sem samrýmanleg er hagsmunum skjólstæðings. Samkvæmt 26. gr. má lögmaður ekki snúa sér beint til aðila um málefni, sem annar


lögmaður fer með, án hans samþykkis, nema brýn nauðsyn krefji. Ávallt skal þá viðkomandi lögmanni þegar um það tilkynnt. Ef aðili, sem falið hefur mál sitt lögmanni, snýr sér sjálfur til lögmans gagnaðila um það mál, skal lögmaður gagnaðila vísa aðila frá sér, nema brýnar ástæður bjóði annað. Ávallt skal þá viðkomandi lögmanni um það tilkynnt.

Í 27. gr. siðareglanna segir að lögmaður megi einungis hafa uppi gagnrýni á störf annars lögmans á málefnalegum grundvelli, og skuli forðast að valda honum álitsspjöllum umfram það, sem málefnið gefur ástæðu til. Tekið er fram í 28. gr. að ef lögmanni er falið verkefni, sem annar lögmaður hefur áður sinnt, skuli hann ekki hefja vinnu við það fyrr en hann hefur fullvissað sig um að hagsmunagæslu fyrri lögmansins sé lokið eða verði lokið án tafar. Lögmanni sé þó heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að firra aðila réttarspjöllum. Þá kemur fram í 33. gr. að lögmanni sé óheimilt að áskilja sér úr hendi annars lögmans eða annars aðila sérstaka þóknun fyrir að vísa skjólstæðingi til lögmansins. Lögmanni er einnig óheimilt að greiða öðrum aðila sérstaka þóknun fyrir að láta hann vísa skjólstæðingum til sín.

Fjallað er um lögmansskrifstofu, auglýsingar o.fl. í VI. kafla siðareglanna. Samkvæmt 38. gr. ber lögmaður persónulega ábyrgð á lögmansstörfum

sínum og fulltrúa sinna. Við firmanafn lögmansskrifstofu skal ávallt tilgreina fullt nafn og starfstítl þess eða þeirra lögmannna, sem hana eiga og ábyrgð bera á lögmansstörfum hennar. Firmanafn lögmansskrifstofu má ekki gefa í skyn að þar sé veitt nein önnur þjónusta en lögmans- og fasteignaþjónusta. Lögmaður skal tilkynna stjórn LMFÍ hverjir séu eigendur félags um rekstur lögmansstofu. Skal lögmaður sérstaklega gæta þess, að óheimilt er að stunda lögmansstörf nema á skrifstofu, sem rekin er af lögmanni, sbr. 19. gr. laga um lögmenn, nr. 77/1998, nema undanþága hafi verið veitt samkvæmt 12. gr. laganna. Í 39. gr. segir að lögmanni sé óheimilt að tilkynna til dómstóla eða auglýsa aðra fulltrúa en þá, sem eru starfandi á lögmansskrifstofu hans. Skyld sé lögmanni að tilkynna fulltrúa sína til skrifstofu félagsins og gæta að öðru leyti skyldna samkvæmt 11. gr. laga um lögmenn.

Þá segir í 42. gr. að lögmaður megi auglýsa og kynna þjónustu sína svo sem samrýmist góðum lögmansháttum. Óheimilt sé lögmanni að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti, svo og að afla sér viðskipta með öðrum aðferðum, sem sama marki séu brenndar.



“ The team is praised as being very resourceful in difficult situations and providing outstanding value for money. ”

The Legal 500

Staða verjenda í sakamálum

Af hádegisverðarfundum LMFÍ



Um 40 lögmennt sóttu fund um stöðu verjenda í sakamálum.

PANN 28. OKTÓBER s.l. stóð Lögmannafélag Íslands fyrir fundi um stöðu verjenda í sakamálum í ljósi reglna um réttarfarssektir. Tilfni fundarins var óvæginn gagnrýni sem hefur komið fram á störf lögmanna sem verjenda í sakamálum. Framsögumaður var Jóhannes Sigurðsson hrl. og fundarstjóri var Jónas Þór Guðmundsson hrl. og formaður LMFÍ.

Lögmenn neyti allra lögmætra úrræða

Í kjölfar bankahrunsins hafa lögmenn verið áberandi í umræðunni og borið hefur á gagnrýni á störf þeirra við rekstur sakamála. Gagnrýnin beinist m.a. að því að lögmenn beiti öllum ráðum til þess að verja skjólstæðinga sína og samsami sér þeim meira en góðu hófu gegnir. Í erindi sínu sagði Jóhannes að hlutverk lögmanna væri fyrst og fremst að verja skjólstæðinga sína með öllum tiltækum úrræðum. Þetta komi skýrt fram í 18. gr. lögmanna laga, þar sem segir að lögmönnum beri að rækja störf sín af alúð og „... neyta allra lögmætra úrræða til að gæta lögvarinna hagsmuna umbjóðenda sinna.“ Í dómafrankvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu, hefur

skyldan verið orðuð með þeim hætti að lögmaður eigi að verja skjólstæðing sinn af kappi. Lögmaður má því aldrei gefa eftir í vörninni til að þóknast ákæranda eða dómara og honum er skylt að fara að ystu mörkum. Geri lögmaður það ekki, þá hefur hann ekki neytt allra lögmætra úrræða til að koma hagsmunum skjólstæðings á framfæri.

Opinber umfjöllun um sakamál

Lögmenn hafa verið gagnrýndir fyrir opinbera umfjöllun um sakamál en Jóhannes taldi þá gegna mikilvægu hlutverki í réttarríkinu sem gagnrýnendur á réttarkerfið. Mannréttindadómstóllinn hefur m.a. sagt að lögmenn séu stöðu sinnar vegna, sem verjendur í sakamálum, í lykilhlutverki sem milligönguaðilar milli dómstóla og almennings. Dómstóllinn hefur einnig bent á að störf lögmanna séu varin af ákvæði 10. gr. MSE um tjáningarfrelsið og að þeir eigi rétt á því að tjá sig um réttarkerfið. Hins vegar eru lögmenn hluti af réttarkerfinu og bera ákveðnar hlutlægnisskyldur sem leiðir til þess að frelsi þeirra til að tjá sig er háð takmörkunum. Mannréttindadómstóllinn hefur tekið á þessu mati og segir

lögmenn verða að vera málefnalega í umræðu og gagnrýni á störf dómstóla.

Verður lögmaður þvingaður til verjendastarfa?

Þessari spurningu hefur verið svarað játandi í dómi Hæstaréttar í máli nr. 37/2014 (Al Thani – málið). Í málinu komst Hæstiréttur að því að 6. mgr. 21. gr. lögmanna laga, um að lögmaður geti sagt sig frá verki sem honum hefur verið falið að því gættu að skjólstæðingur hans verði ekki af þeim sökum fyrir réttarspjöllum, ætti eingöngu við um einkamál. Jóhannes taldi niðurstöðu Hæstaréttar í málinu gagnrýnisverða og benti á að lögmennirnir hefðu tilgreint ástæður fyrir afsögn sem hafi verið málefnalegar. Samtöl lögmanna og skjólstæðinga voru hleruð, lögmenn fengu ekki nægan tíma til þess að fjalla um málsgögn og þeir fengu ekki aðgang að öllum gögnum sem óskað var eftir. Að mati Jóhannesar er lögmanni skylt að sinna störfum sínum sem verjandi nema hann hafi réttmætar ástæður til að segja sig frá málinu. Að samtöl lögmanna og skjólstæðinga séu hleruð gefur sérstaklega tilfni til þess að efast um að hægt sé að halda uppi eðlilegum og fullnægjandi vörnum.



Jóhannes Sigurðsson

Réttarfarssektir

Að lokum fjallaði Jóhannes um réttarfarssektir en hann sagði beitingu þeirra alltaf hafa verið hófsama og úrræðið notað til þess að aga lögmenn en ekki refsna þeim. Al Thani - málið býtur blað því þar var farið út í að beita

lögmenn refsingu. Jóhannes er sammála því að dómara verði að hafa einhver úrræði til þess að halda uppi aga en það verða að vera minniháttar viðurlög. Í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu hefur komið skýrt fram að ekki sé æskilegt að dómstólar geti lagt refsingar á lögmenn vegna framkomu þeirra í málflutningi, vegna þess að of víðtæk úrræði til refsingar dragi úr kappi lögmanna við varnir í málum. Mannréttindadómstóllinn hefur jafnframt sagt að of þungar réttarfarssektir hafi „kælingaráhrif“ á lögmenn og séu óheppilegar því lögmaður má aldrei vera í þeirri stöðu að velja á milli þess hvort hann fari í fangelsi eða skjólstæðingur hans.

Hæstiréttur út af sporinu

Fyrstur til að taka til máls að lokinni framsögu var Jón Egilsson hrl. sem tvívegis hefur fengið dæmda réttarfarssekt. Hann taldi sig ómaklega hafa hlotið sektirnar og sagði þýðingarlaust að áfrýja ákvörðun dómara um réttarfarssekt, því það virðist sem dómara standi ómeðvitað hver með öðrum og að slík ákvörðun njóti í raun

ekki endurskoðunar. Þá gagnrýndi Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. réttarfarið í málum þar sem réttarfarssekt kemur við sögu og sagði Hæstarétt hafa farið út af sporinu. Gestur Jónsson hrl. ræddi um dóm Hæstaréttar í máli nr. 37/2014, þar sem honum og Ragnari H. Hall hrl. var gerð réttarfarssekt, og vildi áréttta að hann hitti aldrei þá dómara sem ákváðu sektina í máli hans. Dómurinn hefði verið kveðinn upp af aðilum sem hvorki höfðu hlustað á sjónarmið Gests né séð hann koma fram í eigin persónu. Þá gagnrýndi Gestur röksemdir dómsins fyrir sakfellingu en það er að með háttsemi sinni hafi hann valdið umbjóðanda sínum tjóni. Hann sagði það ekki vera hlutverk dómstóla að endurmeta afstöðu umbjóðanda síns og með því væri dómurinn kominn út fyrir sitt verkefni. Síðastur á mælendaskrá var Ragnar H. Hall hrl. en hann ræddi um lagabreytingu á dönskum sakamálalögum þar sem ákvæði um réttarfarssektir var fellt á brott með þeim rökum að það samrýmdist ekki Mannréttindasáttamála Evrópu.

Anna Lilja Hallgrímsdóttir

VIÐ HEITUM UMSLAG & elskum umslög

En við gerum svo margt fleira

- Nafnspjöld
- Bréfsefni
- Bæklinga
- Reikninga
- Einblöðunga
- Markpóst
- Veggspjöld
- Borðstanda
- Ársskýrslur

Fyrirtækið Umslag er **ISO 27001 öryggisvottað** og er fyrst íslenskra fyrirtækja í prentiðnaði til að fá slíka vottun.

Með þessari öryggisvottun er tryggt að Umslag fylgi ströngum kröfum um rétta meðhöndlun gagna og upplýsinga sem og notkun ferla í rekstri og aðbúnaði.

www.umslag.is

Af Merði lögmanni

Mörður hafði lengi ætlað sér að fara í átak í markaðsmálum enda hafði markaðssetning á rekstri hans sem lögmanns fram til þessa gengið út á að hann var með lítinn kassa með titlinum „Sinni lögmannsstörfum“ á gulu síðum símaskrárinnar. Þótt Mörður hefði allajafna ekki miklar áhyggjur af þessu hafði hann fylgst með kollegunum gorta sig af stórauðnum viðskiptum eftir að menn opnuðu einhvers konar samfélagsmiðla eða vefsíður um tiltekin málefni. Einn hafði t.d. mokgrætt á vef sem hét www.farduáhausinn.is og aðstoðaði fólk við einmitt það, þ.e. að fara í gjaldþrot.

Þótt hann mætti í sjálfu sér ekkert vera að því, sökum annríkis í stóru sakamáli, sem Mörður hafði náð að koma sér inn í sem verjandi, þá skaut hann inn fundi með manni frá auglýsingastofu. Viðfangsefni fundarins voru markaðsmál í rekstri lögmannsstofu og hafði auglýsingamaðurinn ýmsar hugmyndir og fullyrti margt, m.a. að reynsla og vigt skiptu öllu máli. Þannig vildu flestir vera í viðskiptum við lögmannsstofur sem hefðu verið lengi í bransanum, eins og víða úti í heimi, þar sem lögmannsstofur hefðu jafnvel verið starfandi öldum saman.

Þótt Mörður minntist þess ekki að langlífi hans í lögmennsku hefði þótt kostur fyrr en á þessari stundu, þá hóf hann að rekja störf sín, forvera sinna og forfeðra fyrir auglýsingamanninum í löngu máli. Hann sagði deili á mönnum og helstu einkennum þeirra og frægum málum sem flutt höfðu verið og hversu ölvaðir menn hefðu verið við hinu ýmsustu lögmannsstörf hér á árum áður. Auglýsingamaðurinn virtist láta sér þetta vel líka og punktaði niður af ákefð og þegar þeir kvöddust með virtum mörgum klukkustundum síðar sagðist hann ætla að senda Merði tillögur mjög fljótlega.

Mörður varð hins vegar að setja þessar vangaveltur frá sér í kjölfarið. Framundan var stórt sakamál þar sem vammlaus fjárfestir og athafnamaður hafði verið dreginn í svaðið ásamt viðskiptafélögum sínum af hálfu saksóknara og starfsmanna hans. Mörður hugsaði oft með sér að ekki kæmi honum á óvart að starfsliðið hjá þessum ágæta saksóknara hefði verið þjálfað í gamla Austur-Þýskalandinu, slík voru vinnubrögðin og hann hafði sjálfur alfarið sleppt því að tala í síma undanfarin misseri og vildi helst eiga sína fundi á gangi um Hljómskálagarðinn þar sem tryggt væri að á línunni væru ekki eftirlitsmenn.

Aðalmeðferð málsins var löng og ströng og dugði ekkert minna en fimm vikur af stöðugum réttarhöldum. Austurþýski saksóknarinn reyndi ýmislegt til að sýna fram á sekt sakborninganna, m.a. var spákona fengin í dómsalinn og spurð hvort hún sæi einhver afbrot vera framin og leikhópur úr áhugamannaleikhúsi kom fyrir dóminn til að líkja eftir hegðun fólks á markaði.

Mörður varðist vitaskuld fimlega og hafði látið taka frá tvo heila daga fyrir sig þegar kom að ræðuhöldum. Fyrri daginn fór hann yfir söguna og bakgrunninn, ekki eingöngu í þessu máli heldur í ýmsum öðrum og almennt í lögfræðinni, enda engan veginn hægt að leggja mat á málið öðruvísi en að rifja upp grunnrök og tilurð réttarríkisins og hugmynda Grikkja og annarra andans jöfra til forna um réttlætið.

Þegar Mörður hafði lokið sér af fyrri daginn og var að undirbúa sig fyrir þann seinni vildi svo til að honum barst umslag með tillögum frá auglýsingamanninum sem hann hafði hitt á dögnum. Þær voru í anda þess sem þeir höfðu rætt, um að leggja áherslu á söguna og Mörður sá strax fram á að hann myndi fara eftir þessum tillögum. Þannig var t.d. lagt til að reksturinn yrði framvegis undir nafninu Mörður – lögmannsþjónusta síðan 1823 en þangað hafði Mörður getað rakið sögu sína og forfeðra sinna og ýmissa vina þeirra sem höfðu stundað lögmennsku og embættisstörf af einhverju tagi.

Mörður var því fullur andagiftar á síðari degi ræðuhaldanna og hélt mikla þrumuræðu sem hann endaði svo með að gera grein fyrir tímaskýrslu sinni í málinu. Alls taldist Merði til að farið hefðu í málið hátt í 100 þúsund útseldir tímar lögmanns og sá hann dómara, sakborningana og fulltrúa saksóknara vakna koll af kolli við að heyra þessa tölu.

Eftir að dómsformaðurinn hafði nuddað augun vel og lengi var Mörður beðinn um að endurtaka og útskýra nánar tímajölda sinn í málinu. Vel nestaður af tillögum auglýsingamannsins varð Merði auðvitað ekki skotaskuld úr því. Hann benti á að hann starfaði á lögmannsstofu sem hefði verið í rekstri í hartnær 200 ár og auðvitað yrði að rukka hvern útseldan tíma, jafnvel þá tíma hefðu verið unnir fyrir margt löngu, þegar forfeður hans í lögmennsku hefðu verið að kynna sér réttlætishugtak Forn-Grikkja og aðrar merkar hugmyndir sem hann hefði svo byggt málflutning sinn á í þessu máli. Þótt vissulega væri nokkuð um liðið frá því að hin eiginlega vinna á bak við þá tíma var unnin gætu menn ekki ætlast til þess að sú vinna yrði gefin eða fengist ókeypis í máli sem þessu.

Þegar Mörður gekk út úr dómsalnum velti hann fyrir sér hvort það væri ekki rétt að bæta við slagorði í markaðsherferðina: Lögmannsþjónusta sem stenst tímans tönn.

Upplifun

Mercedes-Benz M-Class er einstakur lúxusjeppi sem er búinn 4MATIC aldrifskerfinu. Hann fæst meðal annars með hinu byltingarkennda Active Curve kerfi sem eykur þægindi og öryggi á miklum hraða, í beygjum og í torfærum. Með AIRMATIC búnaðinum má auka veghæð bílsins með einum rofa. Dráttargetan er upp á 3.500 kg og vinsælasta útfærslan er 258 hestöfl.

Komdu í Öskju á Krókhálsi 11 og upplifðu reynsluakstur á glæsilegum M-Class



Mercedes-Benz

Meyjarhof og Zorbadans í Aþenu

Úr ferðabók Bjarna G. Björgvinssonar



Aþenuborg var hrein og falleg.



Á göngu í þorpinu Delfí sem var flutt um aldamótin 1900 þegar farið var að grafa upp fornminjar hins helga staðar.

ÞAÐ HAUSTAR AÐ. Prestirnir hópast á barina sem opnaðir eru á hverju hausti í reynitrijánnum og háma í sig gerjuð ber svo söngurinn hljómar eins og í vel heppnuðu kokkteilpartýi. Síðan flögga þeir í næsta tré, óstöðugir á stefnunni, og halda partýinu áfram. Á meðan á þessu stendur öndum við mennirnir að okkur gasi úr Holuhrauni og höfum áhyggjur af stöðu gjaldeyrismála, snjóhengjum, gjalddögum skuldabréfa og lekamálum. Öfundum þrestina af áhyggjulausu lífi. Því var það kærkomið þegar LMFÍ skipulagði lögmannnaferð til Aþenu dagana 22.–28. september síðastliðinn og bauð upp á sumarauka í þessari fornu menningarborg þar sem vagga siðmenningarinnar stóð. Við yfirgáfum dægurþrasið og skyggðumst aftur í söguna jafnframt því að kynnst lítillga Grikklandi dagsins í dag sem glímur við mörg sömu áhyggjuefnin og við hér uppi á Íslandi.

Skyggni ágætt í Aþenu

Það var 25 manna hópur sem mætti í Leifsstöð um hádegisbil þann 22. september og tók flugið með Icelandair til okkar fornu höfuðborgar Kaupmannahafnar, þar sem gist var í eina nótt. Seinkun varð á flugi þannig að við komum ekki til Kaupmannahafnar fyrr en undir kvöld. Því gafst ekki færi að líta á Strikið og heilsa upp á anda fornra Íslendinga á Hviids vinstue eða Det lille Apotek og „ha en øl“ því vakna þurfti snemma næsta morgun í flug með SAS til Aþenu.

Í Aþenu tók á móti okkur fararstjórinn okkar á ferðinni, Þóra Valsteinsdóttir, sem búsett hefur verið í Grikklandi í 30 ár. Hún er hafsjór af fróðleik um allt er Grikkland snertir, gríska goðafræði, sögu, byggingarlist, pólitík fyrr og nú,

trúarbrögð, styrjaldir og hvað eina sem við spurðum um. Leiðsögn hennar í þessari ferð var frábær og vakti upp áhuga á að kynna sér að nýju gríska goðafræði og sögu. Síðast en ekki síst löngun til þess að koma aftur til Grikklands og skoða fleira.

Við komum til Aþenu um miðjan dag og tími gafst til að fara stutta skoðunarferð út frá hótelinu okkar en það var stutt ganga þaðan á Akropolis og í gamla bæjarhlutann, Plaka. Þóra kynnti fyrir okkur þar gríska matarhefð og ýmislegt úr sögu Grikklands. Á mörgum veitingastöðum í Aþenu er lifandi tónlist og eru Grikkir greinilega stoltir af tónlistararfi sínum því lög Mikis Theodorakis og fleiri grískra tónskálda hljómuðu þar. Þóra eyddi þeirri ranghugmynd okkar að það væri mikil mengun í Aþenu en eftir umbætur fyrir Ólympíuleikana árið 2004 gjörbreyttist borgin og sannreynðum það að skyggni var gott og loftið hreint í Aþenu.

Mannkynssaga í minjum

Þann 24. september fórum við í skoðunarferð á Akropolis. Að skoða Akropolishæðina er fyrir áhugafólk um sögu og menningu veisla fyrir augu og huga. Að standa við rústir bygginga og leggja hönd á stein, sem felldur var í vegg fyrir rúmlega 2400 árum, er líkt og að ná óljósri tengingu til fyrri alda. Byggingarnar voru hannaðar af verkfræðilegri þekkingu og hugviti og enn í dag er ekki ljóst hvernig verkið var framkvæmt. Byggingarnar voru síðan reistar af fjölda þræla. Þær hafa staðist tímans tönn þótt jarðskjálftar og fjöldi styrjalda hafi tekið sinn toll. Það er möglegt reynsla að feta slóðir þar sem Aristoteles, Platon, Sókrates og Stóuspekingarnir gengu og mannkynssagan er skráð í minjum við hvert fótstípa. Ekki síst er það stórkostlegt að reyna að ímynda sér það að höfuðdjásn Akropolishæðarinnar, Parþenon eða Meyjarhofið eins og við köllum það, var reist um 1300 árum áður en Ingólfur Arnarson fann Ísland. Hvar voru forfeður okkar norrænna manna þá?



Hæstaréttarlögmennirnir í hópnum stilltu sér upp við Areopagus. F.v. Jón Rúnar Pálsson, Ragnar H. Hall, Jónas Guðmundsson, Ingi Tryggvason, Gestur Jónsson, Lára V. Júlíusdóttir, Guðjón Ólafur Jónsson, Bjarni G. Björgvinsson, Garðar Garðarsson og Óskar Sigurðsson.



Móttökur hjá aþenska lögmannafélaginu voru höfðinglegar.

Höfuðdjásn Aþenu

Meyjarhofið var byggt til dýrðar gyðjunni Aþenu á árunum 447 – 432 f. Kr. og er höfuðdjásn Aþenuborgar, tákn hins forna Grikklands og einar merkustu menningarminjar í heimi. Árið 1687 skemmdist hofið mikið í stríði Feneyjamanna og Ottómana, sem þá réðu Grikklandi, sem fengu þá „góðu“ hugmynd að hofið væri upplögð skotfæra- og sprengiefnageymsla. Í British Museum er fjöldi höggmynda og skreytinga frá hofunum á Akropolis. Þar má m.a. sjá svokallaðar Elgin – lágmyndir sem voru í Meyjarhofinu en Tyrkir, sem réðu Grikklandi, seldu þær til Bretlands ásamt fjölda annarra muna árið 1816. Grikkir hafa lengi

reynt að fá minjarnar frá Akropolis til baka en án árangurs. UNESCO beitir sér nú fyrir því að samningum verði lokið og fornminjum skilað til síns heima. Mun í þessu sambandi vera litið til þeirrar fyrirmyndar er Danir skiluðu Íslendingum handritunum 21. apríl 1971 sem er nánast einstakt á heimsvísu. Í því felst viðurkenning á því að menningarverðmæti beri að varðveita í því landi þaðan sem þau eru sprottin. Nú er unnið að viðhaldi Meyjarhofsins í þeim tilgangi að vernda það í þeirri mynd sem það er í og er ætlað að það verk muni standa yfir til ársins 2065. Grikkir leggja nú mikla rækt við fornminjar sínar og strangar reglur gilda um varðveislu minja sem finnast.



Bjarni G. Björgvinsson í sögustund í Delfí, sem var annar af mikilvægustu helgistöðum Grikkja til forna, helgaður guðinum Apollon. Þar var talin vera var miðja heimsins og véfréttin, sem andaði að sér gufum af slöngunni Pýþon og fylltist spásagnaranda, hafði aðsetur sitt. Auk Bjarna sést í Ragnhildi Benediktsdóttur, Önnu Mjöll Karlsdóttur, Ingu Margréti Skúladóttur og Inga Tryggvason.

Odeon útileikhúsið, suð-vestan í Akrópolishæðinni, var byggt árið 161 e. Kr. og tekur 5000 manns í sæti. Fyrir enda þess var byggður þriggja hæða veggur, framhlið leikhússins með bogagluggum, en þetta leikhús var eyðilagt af Herólum árið 267 e. Kr. Það var endurbýgt sem útileikhús og tónleikastaður árið 1950 og hefur verið vinsæll tónleikastaður síðan. Hafa margir af þekktustu listamönnum heims komið þar fram, s.s. María Callas, Luciano Pavarotti og Plácido Domingo, og einnig Frank Sinatra, Diana Ross og Elton John.

Hinn forni hæstiréttur

Gengið var að Areopagus, hinum forna hæstarétti Aþenu á Akropolis, kletthæð þar sem dómur voru upp kveðnir í sakamálum og einkamálum hið forna og rekur sögu sína aftur fyrir 5 öld f. Kr. Nokkrir gengu á hæðina, en þar eru engin mannvirki, heldur var dómstóllinn undir beru himni. Fræðsla þóru um sögu

Akrópolis var sérlega áhugaverð, og þá ekki síst þátturinn um arkitektúr bygginganna þar sem allir hlutir hafa verið úthugsaðir fyrirfram af ótrúlegri verkfræðilegri þekkingu og mikið lagt upp úr hvers kyns myndrænum skreytingum.

Síðdegis fimmtudaginn 25. september var farið í rútu til Sounion á syðsta odda Attíkuskagans, um 70 km. suður af Aþenu og skoðaðar rústir af hofi Poseidons. Mikil saga er tengd þessum stað og þarna nýtur útsýnis yfir Aegeus hafið til Pelopsskagans, sem forðum var notaður sem fanganýlenda. Um kvöldið snæddum við kvöldverð í siglingaklúbbi rétt fyrir utan Aþenu.

Fræðandi fyrirlestrar um grískt réttarkerfi

Föstudaginn 29. september var farið í heimsókn til Lögmannafélags Aþenu þar sem við fengum kynningu á gríska réttarkerfinu. Gríska dómskipunin

er í grunninn þríþætt og skiptist í einkamálaréttarfar, sakamálaréttarfar og stjórnsýsluréttarfar. Hægt er að áfrýja málum af öllum stigum til millidómstigs en Hæstiréttur dæmir einungis í málum er varða stjórnarskrá landsins. Í Aþenu starfa um 22.000 lögmenn og árlega bætast við um 500 nýir lögmenn úr þeim þremur háskólum í Grikklandi sem útskrifa lögfræðinga. Fram kom hjá talsmönnum félagsins að þeir teldu jafnvel nóg að tveir skólar útskrifuðu lögfræðinga og voru hissa á því að á Íslandi væru fjórir háskólar að útskrifa lögfræðinga. Atvinnuleysi er nokkurt meðal nýútskrifaðra lögfræðinga og algengt að þeir vinni kauplaust á lögfræðistofum til þess að öðlast starfsreynslu en þeir þurfa 18 mánaða praxis áður en þér fá lögmennsréttindi. Í Grikklandi skipta lögmennsréttindin ekki í hdl. og hrl. heldur eru lögmenn gjaldgengir á öllum dómstigum. Fengum við síðan stutt en mjög greinargott erindi um gríska réttarskipan og þróun hennar til þessa dags. Í lokin skoðuðum við bókasafn félagsins, sem er stórt og mikið en sérkennilegt var að virða fyrir sér öll þessi fræðirit á hinu framandi gríska lettri.

Við héldum síðan í heimsókn til KG Law firm, lögfræðistofu Kyrikiades Georgopoulos sem er ein stærsta og virtasta lögfræðistofa Grikklands með rúmlega 80 lögmenn. Stofan vinnur töluvert fyrir gríska ríkið, er með mörg af stærstu fyrirtækjum Grikklands og stór alþjóðafyrirtæki s.s. Coca Cola og Mc Donalds. Stofan sinnir allt frá smærri málum einstaklinga og upp í milljarðaágreining stórfyrirtækja. Þá hefur stofan unnið við fjölda mála vegna „hvítflibaglæpa“ sem upp hafa komið í kreppunni í Grikklandi. Auk þess hefur stofan unnið álitserðir fyrir Evrópusambandið og verið aðili

Er ráðstefna framundan?

Alhliða skipulagning ráðstefna og funda

Engjateigur 5 | 105 Reykjavík | 585-3900 | congress@congress.is | www.congress.is

CONGRESS
REYKJAVÍK

að fjölþjóðlegum verkefnum. Þar tók á móti okkur annar aðaleigendanna, Leonidas Georgopoulos, ásamt nokkrum starfsmönnum og kynntu þeir fyrir okkur stöðu lögmanna í Grikkalandi og einnig innan Evrópusambandsins. Fróðlegar umræður urðu um samanburð á stöðu lögmanna á Íslandi og í Grikklandi en Grikkir glíma greinilega við mörg svipuð vandamál og við vegna afleiðinga efnahagsþrenginga. Þá upplýstu þeir að það tæki um 4 – 6 ár að koma máli til enda gegnum öll dómstig í Grikklandi. Fengum við hinar alúðlegustu móttökur á báðum stöðum og einkar fræðandi og áhugaverða fyrirlestra.

Miðja jarðar í Delfí

Þann 30. september hélt hópurinn síðan til Delfí þar sem miðja jarðar var og véfréttin spáði fyrir gestum með því

að anda að sér eiturgufum. Delfí er í fjalllendi í um 700 metra hæð og í um þriggja tíma akstri norðvestur af Aþenu. Maður varð fyrir svipuðum áhrifum í Delfí og á Akrópólís, hafandi lesið mannkynssöguna og gert sér nokkra grein fyrir þýðingu þessa staðar til forna. Delfí er að mestu rústir en svo ótrúlegt sem það hljómar þá var Delfí týnd og gleymd um aldir og þar til árið 1863. Þá stóð fjallaþorp ofan á rústunum sem lítið sást í og tilhögnir steinar úr hinni fornu Delfí sem fundust í jörðinni voru jafnvel notaðir til bygginga í þorpinu. Þorpið var síðan flutt af rústunum, Delfí smám saman grafin úr jörðu og búin til heilleg mynd af borginni eins og hún hafði verið. Gufurnar frægu, sem stigu upp úr jörðinni í Delfí og véfréttirnar önduðu að sér finnast ekki lengur þannig að hópurinn fékk engan spádóm um framtíðina. Haldið var til

baka til Aþenu og um kvöldið farið á grískan veitingastað, snæddur grískur matur og stigin dans sem kenndur er við Grikkjann Zorba.

Lauk svo dagskrá þessarar ánægjulegu ferðar en að morgni næsta dags var haldið heim á Frón þar sem dægurþras og eldfjallagas úr iðrum jarðar tók við okkur að nýju. Ég er ekki frá því að ferðalangarnir hafi við heimkomuna litið á tilveruna með stóískri ró og hugsað: Hver man eftir þessu þrefi og þrasi eftir 2400 ár?

Bjarni G Björgvinsson brl.



Umsóknarfrestur í sameiginlegt doktorsnám lagadeildar Háskóla Íslands og lagadeildar Kaupmannahafnarháskóla

Lagadeildir Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla bjóða upp á sameiginlegt doktorsnám í lögfræði sem lýkur með doktorsgráðu frá báðum skólum. Um er að ræða þriggja ára nám á ensku fyrir framúrskarandi lögfræðinga sem hafa áhuga á akademískum störfum. Tveir leiðbeinendur eru með doktorsritgerðinni, einn aðalleiðbeinandi og einn meðleiðbeinandi og koma þeir frá sitt hvorum skólanum. Doktorsnemar eru á launum á meðan á náminu stendur. Þeir eru starfsmenn Kaupmannahafnarháskóla í tvö ár en Háskóla Íslands í eitt ár og þurfa að sinna vissum starfsskyldum, m.a. kennslu, meðan á doktorsnáminu stendur.

Umsóknarfrestur er til 15. janúar 2015.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Lagadeildar HÍ: http://www.hi.is/lagadeild/sameiginlegt_doktorsnam_ku_og_hi og á heimasíðu Lagadeildar Kaupmannahafnarháskóla: <http://jura.ku.dk/phd/english/joint-degree/>



HÁSKÓLI ÍSLANDS
LAGAEILD



Léttleikandi sambabolti



Erlendur Þór Gunnarsson fyrirliði fagnaði bikarnum með stæl.

UTANHÚSSKNATTSPYRNUMÓT LMFÍ var haldið 27. september síðastliðinn. Mótið fór að þessu sinni fram á gervigrasvelli Frammara í Úlfarsárdal og þrátt fyrir að komið væri fram á haust jöfnuðust veðurskilyrði til knattspyrnuíðkunar þennan dag á við góðan og bjartan dag að vori. Sól skein í heiði og vindur var hægur. Ekkert var því til fyrirstöðu að spilaður yrði léttleikandi sambabolti meðal félagsmanna LMFÍ.

Alls skráðu fimm lið sig til keppni þetta árið: CATO lögmenn, Járnsíða, LEX, LOGOS og OPUS. Leikin var einföld umferð í einum riðli á tveimur völlum. Dómarar voru ekki af verri endanum; Þorvaldur Árnason milliríkjadómari og Pétur Guðmundsson landsdómari.

Eftir mikla baráttu og mörg góð tilþrif meðal leikmanna varð niðurstaða riðlakeppninnar eftirfarandi:

Lið	Mörk	Stig
OPUS	12-1	12
Járnsíða	3-5	6
LEX	4-6	6
LOGOS	5-11	3
CATO	5-6	3

Þrátt fyrir að enda jöfn að stigum hafnaði Járnsíða í öðru sæti riðilsins, en LEX í því þriðja. Ástæðan var sú að Járnsíða hafði betur í innbyrðis viðureign liðanna. Hið sama var að segja um endanlega niðurröðun LOGOS og CATO. Samkvæmt mótisreglum gilda fyrst úrslit innbyrðis viðureignar verði tvö eða fleiri lið jöfn að stigum.

Þegar hér var komið við sögu var nokkuð farið að bera á þreytu meðal leikmanna, enda hver krefjandi leikurinn á fætur öðrum spilaður á um tveimur klukkutímum. Það varð hins vegar einungis til að auka mjög á keppnissskap leikmanna, enda mikill heiður að veði.

Í leiknum um þriðja sætið milli LEX og LOGOS fór það að lokum svo að LEX fór með sigur af hólmi, 2-1. Úrslitaleikurinn milli OPUS og Járnsíðu



Allt var lagt í sölurnar á vellinum

var gríðarlega spennandi allt frá fyrstu mínútu og skiptust liðin á að skora. Að venjulegum leiktíma loknum var staðan 3-3 eftir hádramatískar lokamínútur. Varð því að grípa til vítaspyrnukeppni, þar sem andrúmsloftið var rafmagnað og ekki laust við nokkurn skjálfta í herbúðum beggja liða. Lið OPUS var hlutskarpara í vítaspyrnukeppninni og stóð því uppi sem sigurvegari - og varð þar með á sama tíma ríkjandi meistari utanhúss sem og innanhúss. Hreint út sagt glæsileg frammistaða!

Það var samdóma álit manna að vel hefði tekist til þetta árið. Þrátt fyrir að hart hefði verið tekist á vellinum skildu allir í hinu mesta bróðerni. Það er von nefndarinnar að jafnvel enn fleiri lið taki þátt í næsta utanhússmóti, en ráðgert er að það verði haldið á vormánuðum 2015. Í millitíðinni mun hið árlega Jólasnapsmót hins vegar fara fram, nú þegar liður á desembermánuð, venju samkvæmt. Það er því um að gera fyrir félagsmenn LMFÍ að hefja undirbúning strax, sé hann ekki hafinn nú þegar!

Knattspyrnunefndin



Firnaglaðir fótoltakappar lögmansstofunnar OPUS. Efri röð f.v.: Guðbjarni Eggertsson, Daníel Pálmason, Kristján Baldursson, Sigurður Freyr Sigurðsson, Helgi Pétur Magnússon og Arnar Kormákur Friðriksson. Neðri röð f.v.: Sölvi Davíðsson, Þórður Guðmundsson, Erlendur Þór Gunnarsson, Ólafur Lúther Einarsson, Grímur Sigurðarson.

Andri Árnason hrl.
Edda Andradóttir hdl.
Finnur Magnússon hdl., LL.M.
Halldór Jónsson hrl.
Lárus L. Blöndal hrl.
Sigurbjörn Magnússon hrl.
Stefán A. Svensson hrl., LL.M.
Vífill Harðarson hrl., LL.M.

juris

Borgartúni 26
IS 105 Reykjavík
+354 580 4400
www.juris.is



Aðgangur sakborninga og ákærðra að rannsóknargögnum

Í GREIN SEM ég ritaði í 1. tbl. Lögmannablaðsins fyrr á þessu ári var farið nokkrum orðum um samskipti verjenda við vitni í sakamáli. Tilfnið var dómur héraðsdóms í sakamáli nr. 127/2012 þar sem fundið var að því að verjendur hefðu við undirbúning aðalmeðferðar haft samband við tiltekin vitni og eftir atvikum sýnt þeim gögn. Í greininni var þeirri skoðun lýst að afstaða héraðsdóms væri án lagastöðar og andstæð lagareglum um hlutverk verjenda og reglum um réttláta málsmeðferð fyrir dómi. Þá var bent á að þessi takmörkun á réttindum ákærðu væri þeim mun alvarlegri þegar horft væri til þess hvernig aðgangi ákærðu að rannsóknargögnum var háttað í málinu. Ástæða er til að fylgja síðastnefndu athugasemdinni eftir með þessu greinarkorni.

Ákvæði sakamálalaga

Í 37. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála er kveðið á um rétt sakborninga og verjenda til aðgangs að gögnum meðan á rannsókn máls stendur. Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins á verjandi, svo skjótt sem unnt er, rétt á að fá afrit af öllum skjölum máls sem varða skjólstæðing hans og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn. Verjanda er skv. 4. mgr. ákvæðisins heimilt að láta skjólstæðingi sínum í té eintak af gögnunum eða kynna honum þau með öðrum hætti. Lögregla getur þó í undantekningartilvikum neitað verjanda um slíkan aðgang í allt að þrjár vikur vegna rannsóknarhagsmuna. Þá er í 3. mgr. 37. gr. sérákvæði um frekari takmarkanir á aðgangi í tilvikum þar

sem öryggi ríkisins eða almennings er í húfi eða brýnir einkahagsmunir.

Við útgáfu ákæru ber ákærvaldinu að senda héraðsdómi sýnileg sönnunargögn málsins ásamt skrá yfir gögnin, sbr. 154. gr. laga nr. 88/2008. Óski ákærði eftir skipun verjenda við birtingu ákæru sendir dómari verjenda jafnskjótt afrit af gögnum málsins, sbr. 157. gr. sömu laga. Í framkvæmd hefur hins vegar tíðkast að ákærvaldið láti verjanda slíkt afrit í té, án milligöngu dómara.

Tilkynning dómstólaráðs nr. 2/2012

Ástæða er til að vekja athygli á tilkynningu dómstólaráðs nr. 2/2012 en þar er að finna samskiptareglur við meðferð stórra efnahagsbrotamála. Samkvæmt því sem tilgreint er í inngangi umræddrar tilkynningar eru samskiptareglurnar afrakstur samráðs milli dómstólaráðs, ríkissaksóknara, sérstaks saksóknara og Lögmannafélags Íslands. Í 1. gr. tilkynningarinnar er tekið fram að með ákæru skuli fylgja yfirlit yfir öll gögn sem aflað hefur verið og ekki eru lögð fram með ákæru (áhersla HFH). Á verjandi þess kost að kynna sér þessi gögn hjá sækjanda eftir þingfestingu málsins með það fyrir augum að gera kröfu um að eitthvert þeirra verði lagt fram í málinu.

Haldlagning gagna og leit í gögnum

Við meðferð áðurgreinds sakamáls lagði ákærvaldið hald á mikið magn gagna í fjölda húsleita, m.a. á starfsstöð Kaupþings banka hf. Við

leit í rannsóknargögnum notuðust rannsakendur m.a. við fullkomið leitarforrit (Clearwell) til leitar í öllum rafrænum gögnum. Í eigin skýrslum rannsakenda var gerð grein fyrir þessari framkvæmd og að á grundvelli nánar tiltekinna leitarorða hefðu verið afmarkaðar nokkrar skrár (þýði) sem innihéldu mikið magn gagna. Einungis lítill hluti þeirra gagna var að endingu lagður fram í sakamálinu.

Afstaða ákærvaldsins

Við meðferð sakamálsins reis margþættur ágreiningur um aðgang að gögnum, m.a. um rétt ákærðu til afrita af geisladiskum sem höfðu að geyma upptökur af skýrslum, rétt til afrits af tölvupósthöfnum ákærðu sjálfrá og fleira. Ákærðu varð lítt ágengt í þessari viðleitni sinni en þó fékkst staðfest að ákærðu fengju að leita í eigin tölvupóstum á starfsstöð ákærvaldsins.

Eftir yfirferð framlagðra gagna í málinu og lauslega leit í tölvupóstum töldu ákærðu sýnt að meðal haldlagðra gagna væru ýmis gögn sem ættu erindi inn í málið. Í kjölfarið ákváðu tveir verjenda að fara á fund sérstaks saksóknara í þeim tilgangi að fá úr því skorið hvernig aðgangi að öðrum haldlögðum gögnum yrði háttað. Á þeim fundi fengust þau svör að réttur ákærðu til aðgangs að gögnum tæki hvorki til haldlagðra gagna í heild sinni né þeirra gagna sem afmörkuð hefðu verið við leit í haldlögðum gögnum. Aðgangurinn væri því bundinn við tölvupóst ákærðu, auk þess sem ákærðu fengju aðgang að símtölum sem hefðu verið tekin upp á grundvelli úrskurða um heimild til

hlustunar, að því gefnu að þeim hefði ekki þegar verið eytt. Þá var tekið fram að engin yfirlit væru til yfir þessi gögn. Þessi afstaða ákærvaldsins hefur síðar verið áréttuð í fleiri sakamálum sem nú eru rekin fyrir héraðsdómi.

Krafa um að afhent yrðu yfirlit yfir gögn

Þessi samskipti við ákærvaldið voru skjalfest með formlegum bréfaskiptum sem lögð voru fram í sakamálinu. Þá var skriflegum ábendingum um þessa stöðu mála komið á framfæri við dóminn. Ákærðu gerðu ennfremur kröfu um að ákærvaldið legði fram yfirlit yfir haldlögð gögn málsins sem ekki hefðu verið lögð fram í sakamálinu. Var þar m.a. horft til áðurgreindrar tilkynningar dómstólaráðs nr. 2/2012 en einnig grundvallarreglna um réttláta málsmeðferð. Varakröfur ákærðu lutu að því að eingöngu yrðu afhent yfirlit þeirra gagna sem afmörkuð hefðu verið við leit í haldlögðum gögnum. Kröfum ákærðu var hafnað með úrskurði héraðsdóms með þeim rökstuðningi að lögreglu eða ákærvaldi væri almennt ekki skylt að útbúa gögn að kröfu verjenda. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar en vísað þar frá dómi þar sem kærurheimild var ekki talin fyrir hendi.

Ákvæði MSE og stjórnarskrár

Jafnræði málsaðila fyrir dómi er þáttur í reglu 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar um réttláta málsmeðferð. Réttur sakbornings eða ákærðs til aðgangs að gögnum er þáttur í jafnræðisreglunni en má jafnframt leiða af b-lið 3. mgr. 6. gr. sáttmálans, þar sem mælt er fyrir um að sakaður maður skuli fá nægan tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína. Af viðamikilli dómaframkvæmd mannréttindadómstólsins um þetta efni verður ráðið að réttur ákærða eða verjanda hans er ekki bundinn við þau gögn sem ákærvaldið telur hafa þýðingu við úrlausn málsins. Ákærði á almennt rétt á aðgangi að öllum gögnum málsins.

Tæknilegar hindranir

Gögn sem haldlögð eru við rannsókn sakamála eru í síauknum mæli rafræn. Á þetta ekki síst við um rannsókn efnahagsbrota. Ætla verður að álitafni geti risið um það hvernig grundvallarreglum um aðgang sakborninga og ákærðra að slíkum gögnum verði fullnægt. Af nýlegum dómum Hæstaréttar virðist t.d. mega ætla að aðgangur verði í auknum mæli bundinn við starfsstöð lögreglu eða ákærvalds í stað þess að afrit gagna séu afhent. Þessi tæknipróun

á hins vegar ekki að standa í vegi fyrir aðgangi ákærðu að rannsóknargögnum.

Af dómum mannréttindadómstólsins verður ráðið að ákærðu eigi að meginstefnu til rétt til sama aðgangs að gögnum og ákærvaldið. Sá réttur er óháður því á hvaða formi gögnin eru vistuð enda á ákærvaldið ekki að geta borið fyrir sig tæknilegar hindranir. Ákvæðum sáttmálans er ætlað að tryggja raunveruleg réttindi en ekki fræðileg. Í því tilviki sem hér hefur verið gert að umtalfni verður að telja að ákærvaldinu hafi borið að tryggja aðgang ákærðu að gögnunum með sömu stafrænu aðferðum og ákærvaldið notaði sjálft. Tekur það m.a. til notkunar þess hugbúnaðar sem ákærvaldið ákvað að nota til uppsetningar á gögnunum og leitar í þeim. Vandséð er hvernig framangreind afstaða ákærvaldsins til aðgangs að gögnum fær samrýmst grundvallarreglum um réttláta málsmeðferð eða þeim verklagsreglum sem áður er getið og ákærvaldið stóð sjálft að.

Lagaþýðingar í öruggum höndum

Sérhæfðir þýðendur með víðtæka reynslu af öllum sviðum lagatexta. Öll helstu tungumál. Traust og fagleg þjónusta.

Sendu okkur fyrirspurn á skjal@skjal.is og við komum þinni þýðingu í öruggar hendur.

Skjal þjónusta ehf. - Síðumúla 28 - 108 Reykjavík
Sími: 530 7300 - www.skjal.is



SKJAL ÞÝÐINGASTOFA

 Námskeið Lögmannafélags Íslands

Norrænar réttarheimildir á netinu - 13. janúar 2015

Farið verður yfir hvernig hægt er að finna norrænar réttarheimildir á netinu. Fyrst og fremst verða danskir og norskir gagnagrunnar skoðaðir, s.s. Karnov og Lovdata. Einnig verður farið í hvaða gagnagrunna lögmenn geta nálgast á lagabókasöfnum.

Kennari: Þóra Gylfadóttir upplýsingafræðingur við Háskólann í Reykjavík.

Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.

Tími: Alls 2 klst. Þriðjudagur 13. janúar 2015 kl. 16:00-18:00.

Verð: kr. 13.000,- 25% afsláttur að námskeiði fyrir aðild að félagsdeild LMFÍ. 10% afsláttur fyrir aðild að LMFÍ og LÍ.

Samþætting starfs og einkalífs - 4. febrúar 2015

Námskeið í samstarfi við Félag kvenna í lögmennsku Rannsóknir hafa sýnt að næstmesti streituvaldurinn í vinnunni er það að reyna að samræma atvinnu og einkalíf og ójafnvægi milli þessara tveggja þáttu valdi togstreitu. Það er oft mikil áskorun að reyna að halda jafnvægi milli starfsframa, fjölskyldu, áhugamála, félags- og tómstundastarfs, símenntunar og annarra mikilvægra þátta lífsins. Á námskeiðinu verður farið í að draga fram þau gildi sem skipta máli í starfi og einkalífi. Hvernig er hægt að samræma þær kröfur sem vinnan, fjölskyldan og samfélagið gera? Hvaða lausnir getur vinnustaðurinn gripið til og hvað getur einstaklingurinn sjálfur gert? Allir eru velkomnir á námskeiðið.

Kennari: Ingrid Kuhlman, frkvstj. Þekkingarmiðlunar.

Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.

Tími: Alls 3 klst. Miðvikudagur 4. febrúar 2015, kl. 16:00-19:00.

Verð: kr. 16.000,- 25% afsláttur að námskeiði fyrir aðild að félagsdeild LMFÍ. 10% afsláttur fyrir aðild að LMFÍ og LÍ.

Lestur og greining ársreikninga –20. og 22. janúar 2015

Á námskeiðinu verður farið yfir uppbyggingu ársreikninga og grunnreglur bókhalds. Kynntar verða aðferðir og tekin raunhæf dæmi við greiningu ársreikninga, þ.m.t. kennitölugreiningu. Farið verður yfir vísbendingar um rekstrarstöðvun og gjaldþrot fyrirtækja og velt vöngum um hvenær beri að segja félag til gjaldþrotaskipta. Enn fremur verður farið yfir mikilvægi áritana stjórnenda og endurskoðenda og ábyrgð þeirra. Að lokum verður farið yfir einn ársreikning íslensks félags.

Eftir námskeiðið ættu þátttakendur að geta lagt mat á fjárhagsstöðu félags út frá reikningum og kennitölugreiningu auk þess að geta beitt öðrum aðferðum við mat á því. Þátttakendur námskeiðsins hafa möguleika á að koma óskum sínum um umfjöllunarefni til kennara í skráningarforminu.

Kennarar: Árni Tómasson, löggiltur endurskoðandi.

Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.

Tími: Alls 6 klst. Þriðjud. 20. janúar og fimmtud. 22. janúar 2015 kl. 16:00-19:00.

Verð: kr. 27.000,- 25% afsláttur að námskeiði fyrir aðild að félagsdeild LMFÍ. 10% afsláttur fyrir aðild að LMFÍ og LÍ.

Skráning á heimasíðu LMFÍ

Breyting á afsláttarkjörum

Stjórn LMFÍ hefur nú ákveðið að veita félagsmönnum Lögmannafélags Íslands, sem ekki eru í félagsdeild, 10% afslátt af námskeiðum félagsdeildar og sömuleiðis félagsmönnum Lögfræðingafélags Íslands.

Námskeið á Skype

Nýverið hófust tilraunir með að bjóða lögmönnum landsbyggðar upp á að sækja námskeið í gegnum Skype. Nú þegar hefur lögmaður á Akureyri sótt eitt námskeið og var mjög ánægður með hvernig til tókst. Þeir lögmenn sem hafa áhuga á að sækja námskeið í gegnum Skype eru beðnir um að hafa samband við Eyrúnu á skrifstofu LMFÍ.

Litla  **prent**
Stórt verk lítið mál



prent.is

Litlaprent ehf. | Skemmuvegi 4 | 200 Kópavogi
Sími 540 1800 | Fax 540 1801 | litla@prent.is



NÝ MÁLFLUTNINGS- RÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

Bjarni Lárusson hrl.

Acta lögmannsstofa
Smáratorgi 3
201 Kópavogur
Sími: 533-3200

Auður Björg Jónsdóttir, hrl.

Lögmannsstofa Jóns
Egillssonar
Knarrarvogi 4
104 Reykjavík
Sími: 568-3737

Fanney Rós

Þorsteinsdóttir, hrl.

Embætti ríkislögmanns
Hverfisgötu 6
101 Reykjavík
Sími: 545-8490

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

Björgvin Rafn

Sigurðsson, hdl.

Reykjavíkurborg
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík
Sími: 411-8500

Gísli Rúnar Pálmason, hdl.

Lýsing
Ármúla 1
108 Reykjavík
Sími: 540-1589

Helga Björk Helgadóttir Valberg, hdl.

Landsbankinn
Hafnarstræti 5
101 Reykjavík
Sími: 410-7781

Auðun Helgason, hdl.

CATO lögmennt
Krosseyjarvegi 17
780 Höfn í Hornafirði
Sími: 595-4545

Máni Atlason, hdl.

LOGOS lögmannsþjónusta
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540-0300

Ása Bergsdóttir Sandholt, hdl.

Libra lögmennt
Túngötu 5
101 Reykjavík
Sími: 551-1352

Dóris Ósk Guðjónsdóttir, hdl.

Lögmennt Thorsplani
Fjarðargötu 11
220 Hafnarfirði
Sími: 555-3033

Arnar Kristinsson, hdl.

Lögmennt Laugardal
Sundagörðum 2
104 Reykjavík
Sími: 533-4850

ENDURÚTGEFIN MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI

Lilja Margrét Olsen, hdl.

Fasteignamál lögmannsstofa
Laugavegi 59
101 Reykjavík
Sími: 552-2420

Einar Símonarson, hdl.

Centra fyrirtækjaráðgjöf
Borgartúni 27
105 Reykjavík
Sími: 450-1511

Einar Oddur Sigurðsson, hdl.

Libra lögmennt
Túngötu 5
101 Reykjavík
Sími: 551-1352

NÝR VINNUSTAÐUR

Fróði Steingrímsson, hdl.

LEX lögmannsstofa
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 590-2600

Arnar Kormákur Friðriksson, hdl.

Íslenska lögfræðistofan
Smáratorgi 3
201 Kópavogi
Sími: 412-2800

Rúrik Vatnarsson, hdl.

Hlyngerði 1
108 Reykjavík
Sími: 618-2596

Gunnar Sv. Friðriksson, hdl.

Lögmennt Hafnarfirði
Reykjavíkurvegi 60, 2. hæð
220 Hafnarfirði
Sími: 565-5155

Snorri Stefánsson, hdl.

ADVEL lögmennt
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 520-2050

Hrafnhildur

Kristinsdóttir, hdl.

ADVEL lögmennt
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 520-2050

Lára Áslaug

Sverrisdóttir, hdl.

Lögmannsstofan
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Sími: 581-4557

Þorsteinn Ingi

Valdimarsson, hdl.

Lögmannsþjónusta Einars
Huga Bjarnasonar
Kringlunni 7,
103 Reykjavík
Sími: 517-7171

Sigríður Dagmar

Jóhannsdóttir, hdl.

Megin lögmannsstofa
Skiðholti 50d, 4. hæð
105 Reykjavík
Sími: 530-1808

Börkur I. Jónsson, hdl.

BLJ – Legal ehf.
Hátúni 6a
105 Reykjavík
Sími: 519-6870

Guðmundína

Ragnarsdóttir, hdl.

Lögvík ehf.
Reykjavíkurvegi 60
220 Hafnarfirði
Sími: 554-2808

Guðmundur Ingólfsson, hdl.

VALITOR
Dalshrauni 3
220 Hafnarfirði
Sími: 525-2000

Þóra Jónsdóttir, hdl.

Lífeyrissjóður starfsmanna
sveitarfélaga
Sigtúni 42
105 Reykjavík
Sími: 540-0700

Páll Ásgrímsson, hdl.

Vodafone
Skútuvegi 2
104 Reykjavík
Sími: 599-9000

Tómas Hrafn Sveinsson, hrl.

Lögmennt Bárugötu
Bárugötu 4
101 Reykjavík
Sími: 578-0080

NÝTT AÐSETUR

Sigurður A. Þóroddsson, hrl.

Lögmannsstofa Sigurðar A.
Þóroddssonar ehf.
Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík
Sími: 568-9944

Guðmundur Njáll

Guðmundsson, hdl.

Ægisdötu 26
101 Reykjavík
Sími: 663-8698

Hjalte Steinþórsson, hrl.

Reykjavíkurvegi 60
220 Hafnarfirði
Sími: 551-1082

Karl Jónsson, hdl.

Lögafli lögmannsstofa
Fjarðargötu 13-15, 6. hæð
220 Hafnarfirði
Sími: 517-2000



Eyðublöð

Ýmis eyðublöð, s.s. umsókn
um undanþágu frá 12.gr. o.fl.

Umsókn um félagsdeild LMFÍ

Skráning á
LÖGMANNALISTAN

Breytingar á vinnustað,
heimilisfangi, síma o.fl.

Fjárvörsluyfirlýsing 2014

*Munið að tilkynna breytingar á félagatali
Á heimasíðu LMFÍ er eyðublað til að senda inn tilkynningar um nýjan vinnustað
og aðrar breytingar fyrir félagsmenn*



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtubjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is